

**Eik Bank Group**  
 Íslandsvinir mæta í Kauphöllina



6

**Staðgreiðsla skatta**  
 Tuttugu ár liðin frá skattlausu árinu



8-9

**NimbleGen**  
 Vaxa innan Roche



14



**Á HLUTHAFAFUNDI Í MARS** Hluthafar sem saman fara með yfir 25 prósent í hollenska iðnfyrirtækinu Stork eru á móti nýlegu yfirtökuþilboði Candover upp á 47 evrur á hlut.

## Marel eykur við sig í Stork

Marel hefur enn aukið hlut sinn í hollenska iðnfyrirtækinu Stork samkvæmt heimildum Markaðarins og nálgast nú 20 prósent hlut í gegn um félagið LME sem einnig er í eigu Landsbankans og Eyrís.

Í hollenskum miðlum er frá því greint að Marel vinni að yfirtökuþilboði í Stork í félagi við einn eða fleiri fjárfestingasjóði. Marel hefur sóst eftir því að fá að kaupa Stork Food Systems, matvælavinnsluvélahluta Stork.

Gengi bréfa Stork er nú nálægt 49 evrum, en fyrir liggur yfirtökuþilboð frá breska fjárfestingasjóðnum Candover upp á 47 evrur á hlut. Kaup Candover eru því háð að 80 prósent hluthafa samþykki kaupin og eignast því varla félagið, jafnvel þótt krafan lækkaði í 75 prósent líkt og heimilt er samkvæmt hollenskum lögum, því Marel er á móti tilboðinu, sem og Delta Lloyd með um 5,2 prósent hlut og að því er heimildir Markaðarins herma bandarískur fjárfestingasjóður sem á um 4,5 prósent.

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Stoðirnar styrktar** | Fasteignafélagið Stoðir lagði fram yfirtökuþilboð í danska fasteignafélagið Keops og bauð hluthöfum annaðhvort reiðufé eða hlutabréf í Stoðum í skiptum. Tveir stærstu hluthafar Keops, Fons, sem fer með 31,8 prósent hlut, og Baugur Group, sem á um 20,3 prósent, tóku tilboði Stoða gegn greiðslu hlutafjár.

**Tapa á tiskunni** | Breska tískuvörukeðjan Mosaic Fashions tapaði rúmum 415 milljónum króna á fyrsta ársfjórðungi, sem lauk í enda apríl. Á sama tíma í fyrra nam hagnaðurinn rúmum 100 milljónum króna.



**Seldu í Actavis** | Róbert Wessman, forstjóri Actavis, og Sindri Sindrason stjórnarformaður tilkynntu að þeir ætli að selja allt sitt í félaginu til Novators, sem hefur gert yfirtökuþilboð í Actavis.

**Sameinaður stöndum** vér | Stjórnir sparísjóðanna Byrs og SPK skrifuðu undir samrunaáætlun sem miðast við 1. janúar 2007. Sameinaður sparísjóður er metinn á um 45 milljarða króna miðað við síðasta viðskiptagengi í Byr.

**Baugur selur** | Árdegi, félag í eigu Sverris Berg Steinarssonar, keypti Baug Group út úr dönsku raftækjakeðjunni Merlin. Eftir kaupin er Árdegi eigandi 65 prósent hlutar í félaginu og Mil-estone 35 prósent.

**Baugur kaupir** | Baugur Group hyggst gera yfirtökuþilboð í fasteignafélagið Immo-Croissance. Félagið er skráð í kauphöllina í Lúxemborg og Euronext-kauphöllina í Brussel.

**Hallinn réttist** | Vöruskipti við útlönd voru óhagstæð um 10,7 milljarða króna í maí. Hallinn var tæplega tveimur milljórdum minni en á sama tímabili í fyrra.

# Vaxtalækkun gæti orðið skarpari

Niðurskurður í aflaheimildum og fyrirséðar breytingar á hámarkslánnum Íbúðalánasjóðs stuðla að hjöðnun í hagkerfinu og gætu boðað hraðari lækkun stýrivaxta Seðlabankans.

Óli Kristján Ármannsson  
 skrifar

Ekki eru taldar líkur á að möguleg ákvörðun um niðurskurð aflaheimilda eða 80 prósent þak á hámarkslán Íbúðalánasjóðs komi til með að hafa áhrif á stýrivaxtaákvörðun Seðlabanka Íslands sem kynnt verður á morgun, fimmtudag.

Sérfræðingar telja þó sumir hverjum að hjöðnunaráhrif í hagkerfinu af þessu tvennu gætu orðið til þess að stýrivextir lækki hraðar en ella þegar tekin verður ákvörðun um að hefja lækunarferli þeirra. Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, segir þó ljóst Seðlabankinn muni ekki lækka vexti fyrr en hann sjái enn skýrari merki um samdrátt í hagkerfinu. „En við höfum spáð vaxtalækkun í nóvember og teljum það enn líklegt,“ segir hann.

Verði farið að tillögum Hafrannsóknastofnunar um niðurskurð aflaheimilda segir Ásgeir að megi meta það sem eitt prósent af hagvexti á næsta ári.

Lúdvík Eliásson, sérfræðingur hjá greiningardeild Landsbanka Íslands, segir að komi til mikils

samdráttar í aflaheimildum megi einnig gera ráð fyrir mótvægisáðgerðir af hálfu ríkisins til að bæta stöðu þeirra sveitarfélaga sem mest finni fyrir niðurskurðinum. Þar með myndi fyrsta kastið draga úr þensluhamlandi áhrifum niðurskurðarins og því ólíklegt að Seðlabankinn bregðist hratt við fregnunum, heldur bíði og sjái hver áhrifin til lengri tíma verði. Aukinheldur segir hann Seðlabankann ekki hafa í áætlunum sínum gert ráð fyrir þeirri endurlífgun sem verði hefur á fasteignamarkaði undanfarna mánuði og myndi sú þensla því jafna út áhrif af mögulegu þaki á útlán Íbúðalánasjóðs. „Menn bregðast ekki mjög snögg við breytingum í Seðlabankanum, enda ekki ástæða til vegna þess að áhrifanna gætir ekki fyrr en eftir eitt til tvö ár,“ segir Lúdvík.

Jón Bjarki Bentsson, sérfræðingur hjá Greiningu Glitnis, gerir sömuleiðis ekki ráð fyrir að Seðlabankinn breyti út af fyrri áætlunum á fimmtudag, þótt sjálfsagt setji hann inn í efnahagsspá sína fráviksspá með skerðingu á aflaheimildum og fjalli um möguleg áhrif hennar.

Greiningardeildir bankanna gera allar ráð fyrir ákvörðun um óbreytta stýrivexti á morgun.

## Geysir tilkynnir um olíufund

Straumborg á meirihluta í tveimur félögum sem saman eiga um fimmtungu í olíuleitarverkefni í Norðursjó. Verið er að mæla magn nýfundinnar olíu.

Olía hefur fundist í tilraunaborunum Antrim Energy í Norðursjó, en þar á Geysir Petroleum ehf. tíu prósent hlut. Stærsti hluthafi Geysis Petroleum er svo aftur Straumborg ehf., félag í eigu fjölskyldu Jóns Helga Guðmundssonar, sem fer með rétt tæplega fimmtungshlut.

Olían fannst á 3.340 metra dýpi að því er fram kemur í tilkynningu. Borunin er hluti af tilraunaborunum sem ætlað er að ljúki innan hálf mánaðar og verður þá upplýst frekar um magn olíunnar sem fundist hefur, að sögn Gunnlaugs Jóns-

sonar hjá GJ Fjármálaráðgjöf/Norvest, en hann tekur innan tíðar sæti í stjórn Geysis Petroleum. Unnið er að sameiningu Geysis Petroleum við Sagex Petroleum og InOil. Að sameiningu lokinni er stefnt að skráningu sameinaðs félags í kauphöllina í Ósló.

„Þetta er nokkuð merkilegur olíufundur. Í fyrra fundum við í samstarfi við aðra olíu og erum nú að bora á nokkuð stærra svæði og vonumst til þess að finna meiri olíu en í fyrra,“ segir Gunnlaugur, en nú er verið að mæla olíuflæðið í nýju holunni.

Hann segir fundinn einnig skipta máli fyrir félagið NorEnergy sem Straumborg á líka stærstan hlut í. „Bæði félögin eru þátttakendur í þessum verkefnum með um tíu prósent hvort á þessu svæði. Geysir er íslenskt félag stjórnað af Norðmönnum, en NorEnergy norskt félag stjórnað af Kanada-mönnum.“


Gunnlaugur segir starfseminna ganga vel í báðum félögum og að í kjölfar olíufundar og mögulegrar vinnslu hafi á þessu ári, síðan Straumborg kom að málu, orðið gríðarleg verðmætaaukning í félögunum.



**TrackWell**  
 FORÐASTÝRING

Tíma- og verkskráning fyrir starfsmenn og tæki


www.trackwell.com



**Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar**

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

- ISK 14,1%\*
- GBP 5,9%\*
- USD 5,2%\*
- EUR 4,9%\*



Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluáðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýrri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

\* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. júní - 30. júní 2007.

## GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
365 hf.	-8,28%	-28,39%
Actavis	0,11%	40,00%
Alfesca	6,77%	9,52%
Atlantic Petr.	3,77%	99,64%
Atorka Group	2,44%	23,96%
Bakkavör	-1,00%	10,40%
FL Group	-1,00%	15,69%
Glitnir	0,70%	24,25%
Eimskip	1,26%	23,69%
Kaupþing	1,62%	34,60%
Landsbanki	-0,52%	44,15%
Marel	-0,12%	10,26%
Mosaic Fashions	1,18%	11,76%
Straumur	0,46%	25,00%
Össur	-4,55%	-7,08%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

## FME breytir ekki tilboði Eyjamanna

Fjármálaeftirlitið hefur hafnað beiðni frá hluthafa í Vinnslustöðinni um breytingu á tilboðsverði eignarhaldsfélagsins Eyjamanna í Vinnslustöðina.

Samkvæmt 8. mgr. 40. gr laga um verðbréfavíðskipti hefur Fjármálaeftirlitið heimild til að breyta tilboðsverði ef sérstakar kringumstæður eru fyrir hendi. Fram kemur í tilkynningu frá Fjármálaeftirlitinu að almennt þurfi mikið til að koma svo heimildinni verði beitt, og að eftirlitið telji slíkar aðstæður ekki fyrir hendi.

Tilboð Eyjamanna hljóðaði upp á 4,60 krónur á hlut í Vinnslustöðinni, og var það talið í samræmi við viðskiptaverð daginn áður en tilboðsskylda myndaðist auk verðmatsgreiningar fjármálafrirtækja.

Fjármálaeftirlitið ítrekar þó í tilkynningu að hluthöfum sé heimilt að hafna tilboðinu, telji þeir það óhagstætt.

-jsk



VINNSLUSTÖÐIN Í VESTMANNAEYJUM Fjármálaeftirlitið hefur hafnað beiðni hluthafa í Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum um breytingu á tilboðsverði.

## Tjáir sig ekki um aðalfund

Hornfirnska útgerðarfélagið Skinney-Þinganes er hið ellefta kvótahæsta á landinu með um 3,07 prósent allra aflaheimilda. Aðalfundur félagsins var í síðustu viku.

Gunnar Ásgeirsson, starfandi stjórnarformaður, vildi hvorki tjá sig um efni fundarins en meðal annars lá fyrir tillaga um útvíkkun á tilgangi félagsins, né um afkomu félagsins í fyrra.

Skinney-Þinganes átti þriðjungshlut í Eignarhaldsfélaginu Hesteyri sem var leyst upp á síðasta ári.

-eþa

## Ísland í fjórða sæti

Verðbólga mældist 2,2 prósent á ársgrundvelli að meðaltali innan svæðis OECD-ríkjanna á fyrstu sex mánuðum árs.

Vísitala neysluyverðs hækkaði um 4,6 prósent á Íslandi. Mest var verðbólgan í Tyrklandi 9,2 prósent og litlu minni í Ungverjalandi. Ísland var í fjórða sæti yfir mestu verðbólguna, kom fast á hæla Írlands þar sem fimm prósent verðbólga geysaði.

Verðbólga á evrusvæðinu mældist 1,9 prósent á fyrstu sex mánuðum árs og 2,7 prósent í Bandaríkjunum. Vísitala neysluyverð hækkaði um 2,5 prósent í



ÚTSALA, ÚTSALA 2,2 prósentu verðbólga mældist í OECD-ríkjunum. Mest er verðbólgan í Tyrklandi, rúmlega níu prósent.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Bretlandi, 1,9 prósent í Þýskalandi og um rúmlega eitt prósent í Frakklandi.

-jsk

## Sameining hand-söluð um áramótin

NASDAQ og OMX ganga í eina sæng um áramótin. Ólíklegt er að Kauphöll Íslands eignist fulltrúa í nýrri yfirstjórn. Forstjóri Kauphallarinnar væntir stórra erlendra fjárfestingabanka inn á íslenskan hlutabréfamarkað.

Jón Skaftason  
skrifar

Sameiningu kauphallarsamstæðanna NASDAQ og OMX verður lokið um áramót gangi áætlanir eftir. Gögn frá OMX-kauphallarsamstæðunni liggja nú til yfirferðar hjá bandaríska fjármálaeftirlitinu og er búist við að því ferli verði lokið um mánaðamótin ágúst/september. Að því loknu tekur við útbóðsferli og ætti afstaða hluthafa að liggja fyrir í byrjun október. Samningar verða síðan endanlega handsalaðir um áramót.

„Tafir á málinu stafa af gagnaöflun sem þarf að fara í gagnvart bandaríska fjármálaeftirlitinu. Það eru óðruvísi staðlar þar um fjárhagsupplýsingar en hér í Evrópu. Þetta er einungis formlegt ferli, við í Evrópu þurfum ekki að lúta bandarískum lögum og reglum“, segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands.

Hin nýja NASDAQ/OMX-samstæða mun lúta fimmtán manna yfirstjórn undir forystu Roberts Greifeld, forstjóra NASDAQ. Auk hans skipa nú fulltrúar frá NASDAQ og fimm frá OMX stjórnina. Sérstakar stjórnir verða síðan yfir dótturfélögum, þar á meðal ein fyrir norræna OMX-markaðinn og önnur fyrir Kauphöll Íslands. Kauphöllin hefur nú einn fulltrúa í stjórn OMX, Þorgeir Eyjólfsson.

Þórður Friðjónsson býst síður við því að Ísland eignist fulltrúa í hinni nýju yfirstjórn en segir þó tryggt að fulltrúar Kauphallar Íslands hafi áhrif á gang mála „Það hefur komið skýrt fram í þessum viðræðum að kauphöllin hér verður rekin með svipuðum hætti og hingað til. Hlutverk okkar stjórnar verður hins vegar fyrst og fremst lögformlegt,



ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON, FORSTJÓRI KAUPHALLAR ÍSLANDS OMX fær fimm fulltrúa í nýrri sameinadri yfirstjórn NASDAQ og OMX. NASDAQ fær níu, auk forstjórans Roberts Greifeld. Þórður Friðjónsson býst síður við því að Kauphöll Íslands eignist fulltrúa í stjórninni. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

meiriháttar stefnumarkandi ákvarðanir verða teknar erlendis.“

Fram hefur komið að áhugi sé fyrir því innan NASDAQ og OMX að skoða gaumgæfilega hvort flytja eigi einhverja hluta starfsmannar til Íslands í ljósi hagstæðs skattaumhverfis og aðstæðna. Þórður segir ekki tímabært að velja því fyrir sér nákvæmlega hvaða þætti starfsmannar kemur til greina að flytja hingað til lands „Margt kemur til greina, ég held að það sé ekki taktískt að nefna þau atriði sem eru til skoðunar á þessu stigi.“ Hann segir þó styrk Kauphallar Íslands felast í einföldum lausnum og hraðri ákvarðanatöku. Auk þess séu öll ytri skilyrði, til að mynda skattaumhverfi, hagstæð hér á landi.

Hin nýja kauphallarsamstæða verður önnur tveggja stærstu kauphalla í veröldinni ásamt sameinaðri kauphöll New York Stock Exchange og Euronext.

Þórður telur styrk NASDAQ og OMX felast í því að vera með fótfestu víða um heim „Nú eru NASDAQ og OMX komin með fótfestu bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Nú þegar erum við með samstarfssamninga víða í Asíu og síðan má búast við að stefnt verði enn frekar inn á þá markaði í náninni framtíð.“

Þórður segir samstarfið við OMX hafa styrkt þann grunn sem Kauphöll Íslands byggir á og telur að aðkoma NASDAQ verði ekki síður til heilla. „Sýnileikinn er miklu meiri en áður. Þegar samþættingarferlinu lýkur setjum við kraft í markaðsókni. Ég á von á því að á næstu mánuðum verði sú breyting að öflugir erlendir fjárfestingabankar fari að fjárfesta hér í auknum mæli.“

## Metvelta á OMX

Dagleg hlutabréfavíðskipti í OMX-kauphallarsamstæðunni námu 454,5 milljörðum íslenskra króna að meðaltali fyrstu sex mánuði ársins. Um er að ræða rúmlega níu prósentu aukningu sé miðað við veltu síðustu tólf mánaða. Að meðaltali fóru fram 186,094 viðskipti á degi hverjum.

Fimmtíu og fjögur félög hafa skráð



bref sín á OMX-markaðina það sem af er ári, en á sama tímabili í fyrra voru nýskráningar fjögur og þrjár talsins.

OMX er sameiginlegur hlutabréfamarkaður fyrir Norðurlönd og Eystrasaltslöndin. Á vordögum var tilkynnt að OMX og bandaríska kauphallarinn NASDAQ myndu renna saman í eitt.

-jsk

## Hlutabréf í Eik þykja dýr

Hlutabréf í Eik Banka, sem verður skrásettur í Kauphöllina í næstu viku, eru í dýrari kantinum segja sérfræðingar hjá Föroya Banka, hinum stóra færeyska bankanum. Þeir benda þó á að bankinn sé spennandi valkostur sem hafi gefið eigendum sínum góðan ávöxt.

Um þessar mundir fer fram hlutafjárútbóð hjá Eik Banka vegna kaupna hans á SkandiaBanken í Danmörku og er útbóðsgengi núverandi hluthafa 575 danskar krónur á hlut. Í samamburði við aðra skráða banka eru verðkenntölur Eik Banka í hærri kantinum að mati Föroya Banka.

-eþa

NÝ SÍMANÚMER  
HJÁ 365 MIÐLUM

Nýtt aðalnúmer

512 5000

Þjónustuver

512 5100

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtækið sem starfar á íslenskum markaði.

# Hversu hátt stefnir þú?

## Nýjar og betri ávöxtunartölur

Hafðu lítið fyrir hlutunum! Í **Sjóðastýringu SPRON Verðbréfa**

geturðu valið um þrjú fjárfestingarsöfn sem sérfræðingar hafa sett saman.

Þú velur það safn sem þú telur að henti þér og þínum markmiðum og verðbréfasérfræðingar sjá síðan um að ávaxta sparnaðinn.




### ÁVÖXTUNARSAFNIÐ

**25,16% ávöxtun**

Meiri sveiflur, hærri væntingar. Áhersla á góða áhættudreifingu með erlendum og íslenskum verðbréfum.

- 75% hlutabréf
- 25% skuldabréf




### HEFÐBUNDNA SAFNIÐ

**22,78% ávöxtun**

Áhersla á góða ávöxtun og áhættudreifingu, meðaláhætta.

- 50% skuldabréf
- 50% hlutabréf




### ÖRUGGA SAFNIÐ

**18,24% ávöxtun**

Stöðug ávöxtun, lágmarkssveiflur, lítil áhætta.

- 75% skuldabréf
- 25% hlutabréf



Kaup í þessum söfnum, sem sérfræðingar SPRON Verðbréfa hafa sett saman, miðast við að keypt sé fyrir lágmark 20.000 kr.

Miðað er við 5 milljóna kr. lágmark í virkri sjóðastýringu. Stýringin felst í því að viðskiptavinur gefur sérfræðingum SPRON Verðbréfa heimild til þess að fjárfesta í verðbréfasjóðum eftir fyrirfram ákveðinni samsetningu sem kemur fram í vali á sjóðasafni.



Netbankinn býður viðskiptavinum sínum verðbréfabjónustu og ráðgjöf í samstarfi við SPRON Verðbréf. Þú sækir um rafrænt á [www.nb.is](http://www.nb.is).

75 ára



Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – [verdbref@spron.is](mailto:verdbref@spron.is)  
[www.spronverdbref.is](http://www.spronverdbref.is) – [www.spron.is](http://www.spron.is) eða í næsta útibúi SPRON

## Vopnahléi lýkur í Nígeríu

Uppreisnarmenn í MEND-flokknunum, sem berjast fyrir því að Níger-árósasvæðið öðlist sjálfstæði frá Nígeríu, hafa lýst því yfir að vopnahléi sem staðið hefur undanfarinn mánuð sé lokið.

Níger-áróssarnir eru helsta olíuframleiðslusvæði Nígeríu. Uppreisnarmennirnir vilja að íbúar Níger-árósa fái stærri sneið af kókunni og segja miðstjórnina í Abuja einoka olíugróðann.

Nígería er stærsta olíuframleiðsluríki í Afríku og það áttunda stærsta í veröldinni. Olíuframleiðsla hefur dregist saman um fjórðung vegna óróa við Níger-



**BLÓÐBAD Í LAGOS** Uppreisnarmenn MEND hafa lýst yfir að mánaðarlöngu vopnahléi sé lokið.

árósa. Mend-liðar hertóku fyrir nokkrum misserum olíuhreinsistöð við Níger-árósa. Tölf manns létust í átökum skæruliða við stjórnarhermenn sem reyndu að endurheimta verksmiðjuna. -jsk

## Indverjar græða á úthýsingum

Fimm prósent þjóðartekna Indverja verða til vegna úthýsinga.

Gert er ráð fyrir 2.400 milljarða króna tekjum á árinu.

Gert er ráð fyrir að indversk fyrirtæki hagnist um 2400 milljarða íslenskra króna á yfirstandandi ári vegna úthýsinga, samkvæmt tölum frá hinum indversku Samtökum hugbúnaðar- og þjónustufyrirtækja.

„Við erum full sjálfstrausts og teljum að þetta séu raunhæfar áætlanir. Eftirspurnin er mikil og vaxtarmöguleikarnir gríðarlegir,“ sagði Kiran Karnik, forseti samtakanna.

Indversk fyrirtæki bjóða evr-



**FRÁ DELÍ**

ópskum og bandarískum fyrirtækjum upp á margs konar þjónustu; til að mynda símsvörun, viðgerðarþjónustu og ýmiss konar hugbúnaðarvinnu.

Mikið framboð er af enskumælandi sérfræðingum í Indlandi og þykir erlendum fyrirtækjum fýsilegur kostur að úthýsa ákveðnum þáttum í starfseminni til Indlands þar sem vinnuafli er ódýrara.

Talið er að rúmlega fimm prósent þjóðartekna Indverja komi til vegna úthýsinga. Geirinn hefur þó mætt hæfum mótvindi undanfarin misseri vegna hækkandi launakrafna starfsmanna og styrkingu indversku rúpiunnar gagnvart Bandaríkjadal.



## Allt hækkar í Hong Kong

Hlutabréfavisitölur í Hong Kong standa í hæstu hæðum. Íbúum hefur fjölgað um fjórutíu prósent síðan Kínverjar tóku við lyklavöldum.

Hlutabréf á markaði í Hong Kong standa nú í rúmum 22 þúsund stigum og hafa aldrei farið hærra. Hang Seng-vísitalan hækkadi um tæp tvö prósent á mánuðag.

Hlutabréfabraskarar á Wall Street hafa undanfarið keppt við að kaupa í fyrirtækjum skráð á markaði í Hong Kong. Bréf í farsímafyrirtækinu China Mobile hafa hækkad hratt undanfarna daga, auk þess sem fyrirtæki í orkugeiranum hafa rokið upp vegna hækkandi eldsneytisverðs.

Mikil hátíðahöld voru í Hong Kong á dögunum í tilefni af því að tíu ár eru liðin frá því að svæðið varð hluti af kínverska alþýðveldinu. Hong Kong var áður bresk nýlenda.

Síðan Kínverjar tóku við stjórnartauum í Hong Kong hefur orðið mikil fólksfjölgun á svæðinu. Kínverjar hafa streymt til Hong Kong enda efnahagsástandið annað og betra en á meginlandi Kína. Íbúum hefur fjölgað um fjórutíu prósent síðustu tíu ár og eru nú sjö milljónir. -jsk

## Norvik fær Ba3

Alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's hefur veitt Norvik banka í Lettlandi lánshæfiseinkunnina Ba3, auk einkunnar á fjárhagslegum styrkleika upp á D- og mats á skammtímaskuldbindingum „Non-Prime“. Horfur eru stöðugar varðandi allar einkunnir. Ba3 er hærri einkunn en bankinn hefur frá Fitch, sem er B+ með jákvæðar horfur.

Norvik banka er lettneskur

banki sem lánar aðallega til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, sem og einstaklinga. Móðurfélag hans er Straumborg ehf., fjárfestingarfélag í eigu fjölskyldu Jóns Helga Guðmundssonar.

Markaðshlutdeild Norvik banka í Lettlandi er 1,9 prósent, bæði í eignum og útlánunum. Bankinn er með þrettán útibú auk höfuðstöðva og 77 minni afgreiðslustaði. -hhs

## Tryggðu sjálfstæði Wall Street Journal

Samkomulag er sagt hafa náðst um ritstjórnarlegt sjálfstæði Wall Street Journal. Starfsfólk blaðsins gekk á dyr.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson  
skrifar

Stjórnir bandarísku fjölmiðlasamsteypna Dow Jones & Co. og News Corporation, sem eru í eigu ástralska auðkífingsins Ruperts Murdoch, náðu í síðustu viku samkomulagi sem tryggir ritstjórnarlegt sjálfstæði bandaríska dagblaðsins Wall Street Journal. Með því er stærstu hindruninni fyrir yfirtökutilboði Murdochs í Dow Jones & Co. rutt úr vegi.

Dow Jones & Co. er móðurfélag samnefndrar fréttaveitu og dagblaðsins Wall Street Journal. Félag Murdochs gerði tilboð upp á fimm milljarða dala, jafnvirði 320 milljarða íslenskra króna, í útgáfufélagið í byrjun maí. Bancroft-fjölskyldan, sem fer með ráðandi hlut í Dow Jones, var mótfallin tilboðinu. Fjölskyldan, sem er geysistór og dreifð um allar jarðir vestanhafs, hefur hins vegar lítið viljað tjá sig um málið. Sumir úr ættinni hafi engu að síður verið áhugasamir um boðið á meðan aðrir voru því andsnúnir. Nokkrir úr Bancroft-fjölskyldunni sitja í stjórn Dow Jones & Co. Þeim mun hafa leiðst þófið, tekið ráðin af ættingjum sínum og fundað með Murdoch.

Fréttastofan Associated Press segir að nánari útlístanir á samkomulaginu liggi ekki fyrir. Þrátt fyrir þetta brást starfsfólk Wall Street Journal ókvæða við fréttunum. Það neitaði að mæta til vinnu á fimmtudag og sagði að ritstjórnarlegu sjálfstæði blaðsins, sem varað hafi í áratugi, væri ógnað með yfirtökutilboði fjölmiðlasamsteypu Murdochs. Þá er skerðing á réttindum og kjörum starfsmanna. Blaðamenn og starfsfólk útgáfufélagsins, sem eru 2.000 talsins, sögðu í bréfi sem það sendi yfirstjórn Dow Jones, að á meðan líklegt þyki að framkvæmdastjórn útgáfufélagsins komi til með að njóta góðs af yfirtökunni þá sé hætt við að blada-menn og annað hæft starfsfólk yfirgefi skrifstofur blaðsins.



**WALL STREET JOURNAL** Samkomulag náðist í síðustu viku sem tryggir ritstjórnarlegt sjálfstæði Wall Street Journal. Málið var helsta hindrunin á vegi Ruperts Murdochs sem ætlar sér að kaupa félagið. MARKAÐURINN/AFP

Tilboð Murdochs, sem lagt var fram í byrjun maí, hljóðaði upp á 60 dali á hlut. Þrátt fyrir orðróm um að herra boðs sé að vænta hefur Murdoch lítið viljað gefa upp um slíkt en ítrekað ágæti útgáfufélagsins og fréttaveitunnar, sem reiknað er með að hann nýti í nýrri viðskiptasjónvarpsstöð sem hann hyggst setja á laggirnar undir lok árs auk þess sem stefnt sé að því að láta veitur Dow Jones & Co. styðja við núverandi fréttastöðvar fjölmiðlasamsteypu Murdochs, svo sem fréttastofu Sky.

Fréttastofa Reuters segir litlar líkur á að Murdoch hækki tilboð sitt, sem var 65 prósentum yfir meðalgengi í félaginu á tilboðsdegi. Aðrir fjölmiðlar taka í sama streng og segja það gott. Gengi bréfa í Dow Jones & Co. hefur stigið hratt síðan Murdoch lagði boðið á borðið og stendur nú nálægt 59 dölum á hlut.

# Einfalt mál

EINA VIÐSKIPTABLAÐIÐ SEM ÞÚ ÞARFT



Með Fréttablaðinu alla miðvikudaga



Í hádeginu kl 12:12 á Stöð 2



Markaðurinn á Vísi alla daga



VIÐSKIPTAFRÉTTIR  
ALLA DAGA VIKUNNAR


# sjáðu heyrðu lifðu

Sense er ný verslun fyrir stafrænan lífsstíl og býður upp á hágæða lausnir frá bestu framleiðendum heims á sviði hljóð-, mynd- og ljósastýringar.

Í nýrri og glæsilegri verslun Sense í Hlíðasmára gefst einstakt tækifæri til að sjá og skynja möguleikana sem felast í stafrænum nútímalífsstíl við raunverulegar aðstæður í fjölbreyttu og fullkomnu sýningarrými.

Gæðavörur heimsþekktra hátæknifyrirtækja á borð við Bose, Sony og Crestron sameinast áratuga reynslu Nýherja í hönnun, uppsetningu og þjónustu vandaðra kerfislausna.

Komdu og upplifðu nýjan og fullkominn lífsstíl.



# sense

Hlíðasmára 3 201 Kópavogi s. 585 3800 [www.sense.is](http://www.sense.is)

# Íslandsvinir mæta í Kauphöllina

Eik Bank Group verður í næstu viku þriðja færeyska fyrirtækið til að skrá hlutabréf sín í Kauphöll Íslands en yfir 600 Íslendingar eru meðal hluthafa. Bankinn hefur verið í nánu samstarfi við íslenska fjárfesta um árin og er stærstur í SPRON. *Eggert Þór Aðalsteinsson* hitti **Marner Jacobsen** að máli.

**A** 175 ára afmæli Eik Banka er við hæfi að þessi stærsti banki Færeyja fari í tvíhliða skráningu í Kauphöll Íslands og Kauphöllina í Kaupmannahöfn þann 11. júlí næst komandi. Marner Jacobsen, forstjóri Eik Banka, segir að aðdraganda skráningarinnar megi rekja aftur til tíunda áratugar síðustu aldar en um það leyti voru færeysk fyrirtæki farin að leita hófanna eftir því að vaxa í gegnum hlutabréfamarkað. Færeyski verðbréfamarkaðurinn VMF var stofnaður í byrjun síðasta áratugar og þegar leitað var eftir samstarfi við kauphallir sýndi sú íslenska Færeyingunum meiri áhuga en sú danska. Kauphöll Íslands hafði einnig marga kosti, var ódýrari en sú danska og hentugri fyrir smærri fyrirtæki.

„Þannig hefur það verið eðlilegt fyrir færeysk félög að velja Kauphöll Íslands sem meginskráningarstað. Það á við um Atlantic Petroleum, Føroya Banka og okkur.“

## KAUPPING FYRIRMYND

Eik hagnaðist um rúma 1,3 milljarða króna (120 milljónir danskra króna) á fyrsta ársfjórðungi sem er um helmingur af ársagnaði í fyrra og búast stjórnendur við að 3,8 milljarðar króna komi í hús fyrir árið í heild. Markaðsvirði bankans verður um 5,6 milljarðar danskra króna við skráninguna, jafnvirði 63 milljarða króna, sem gerir bankann nokkuð stóran meðal Kauphallarfélaga.

Bankinn er með um fimmtíu prósent markaðshlutdeild á færeysku fjármála-markaði og hefur því legið ljóst fyrir að færeyska hagkerfið myndi takmarka mjög sókn bankans. Færeyski bankinn hefur vaxið hratt á liðnum árum og það er ekkert launungarmál að stjórnendur bankans hafa sótt fyrirmyndir sínar að mörgu leyti til Kaupþings sem leiddi útrás íslenskra fjármálfyrirtækja. Eik er því miklu líkari íslensku bönkunum en þeim dönsku ef stærðin er undanskilin að sögn Marners. Samstarf Eik Banka og Kaupþings nær nokkuð langt aftur. Bankinn, sem þá kallaðist Føroya Sparikassi, keypti rúm fjögur prósent í Kaupþingi árið 2000 sem síðar voru seld. „Við urðum í raun og veru fyrsti erlendi fjárfestirinn í Kaupþingi. Árið 2001 stofnuðum við ásamt Kaupþingi Eik Bank Danmark þar sem við höldum utan um fjórðungshlut. Þegar Kaupþing keypti FIH árið 2004 seldi það í lok ársins allan hlut sinn í Eik Banka Danmark til okkar.“

Skráningin í Kaupmannahöfn er því mikilvæg þar sem Eik Banki hefur nú meginhluta starfseminnar í Danmörku og þar liggur meginvæxtur fyrirtækisins til framtíðar. „Ég tel á næstu einu til tveimur árum muni okkar áherslur liggja þar.“

## SAGA EIK Í STUTTU MÁLI

1832	Bankinn stofnaður. Er meðal elstu fjármála-stofnana í Danmörku.
1991	Sparisjóður með ábyrgðarmannakerfi.
1994	Lög sem gerðu viðskiptabanka og sparisjóði jafnsetta.
2002	Varð almenningshlutafélag.
2006	Føroya Sparikassi varð Eik Banki.
2007	Skráning á hlutabréfamarkað.



**MARNER JACOBSEN, FORSTJÓRI EIK BANKA, Á KYNNINGARFUNDI MEÐ FJÁRFESTUM** Eik verður skráð tvíhliða í Reykjavík og Kaupmannahöfn í næstu viku. Marner segir að tvennt skýri það að bankinn velji Reykjavík. Annars vegar sögulegar ástæður og hins vegar sýnileiki gagnvart fjölmörgum íslenskum hluthöfum. MARKAÐURINN/GVA

Við töldum því mikilvægt fyrir sýnileika okkar í Danmörku að vera skráð jafnframt skráðir í Danmörku,“ segir Marner.

## MIKILL VÖXTUR Í DANMÖRKU

Marner sér þó enn fram á töluverðan vöxt heima fyrir, þar á meðal á sviði lífeyris-sparnaðar og líftrygginga. Aðstæður eru góðar í færeysku efnahagslífi. Atvinnuleysi er mjög lágt, hagvöxtur nam um tíu prósentum í fyrra og verður um 4,6 prósent á þessu ári gangi spár eftir. Þjóðartekjur á mann eru þó mun lægri í Færeyjum en á Íslandi, Danmörku og Noregi. „Rekstur bankans er mjög hefðbundinn á heimaslóðum þar sem við sinnum allri bankaþjónustu. Starfsemi okkar í Danmörku er hins vegar mjög sérhæfð og við höfum ekki útibú úti um allt.“ Eik Bank Danmark er í dag helsta dótturfélag samstæðunnar með 44 starfsmenn. Þarna er um að ræða sérhæfðan fjárfestingabanka á sviði einkabankaþjónustu, eignastýringu, markaðsviðskipta og útlána til fyrirtækja og fasteignaviðskipta.

Í byrjun mánaðarins tók Eik yfir Skandia-Banken, stærsta netbanka Danmerkur, og verður kaupverð einhvers staðar á bilinu 5,6-6,7 milljarðar króna. Ætlunin er að sameina hann við Eik Bank Danmark en mikil samlegðaráhrif nást með þeirri aðgerð. Með kaupnum fær bankinn yfir 115 þúsund nýja viðskiptavini, þar af er tæpur helmingur búsettur í Kaupmannahöfn. Yfirtakan styrkir fjármögnun Eik en Marner reiknar með að innlán viðskiptamanna verði um 89 prósent af heildarútlánunum eftir yfirtökuna.

Það er þó enginn smábíti að taka yfir jafnstóran banka sem SkandiaBanken en efnahagsreikningur samstæðunnar vex um 56 prósent og fer yfir 200 milljarða króna.

Til þess að mæta þessum kaupum verður nýtt hlutafé sótt til hluthafa fyrir allt að 6,6 milljarða króna. Marner bendir þó á að Eik hefði getað tekið yfir SkandiaBanken án þess að gefa út nýtt hlutafé og þar af leiðandi er gott rými til frekari fyrirtækja-kaupa.

Þessu til viðbótar á bankinn Inni í Færeyjum, sem lánar út á fasteignir, 29 prósent hlut í danska fasteignalánabankanum Investea, sem áður nefndist Ejendoms-vækst, og auk þess stóran hlut í SPRON.

## STÆRSTUR Í SPRON

Marner forstjóri kynntist Guðmundi Haukssyni, sparissjóðsstjóra SPRON, í gegnum fjárfestingar bankans í Kaupþingi. Þegar viðskipti hófust með stofnfé í SPRON árið 2004 bauð Guðmundur Færeyingum að koma inn og keypti Eik þá um 3-4 prósent stofnfjár. Á næstu árum fór bankinn alla leið upp í hámarkshlut, tæp tíu prósent af heildarstofnfé SPRON. Eik Banki er því stærsti stofnfjáreigandinn í

SPRON með hlut sem metinn er á markaði á um 7,8 milljarða króna, langt yfir bók-færðu virði hans. Hluturinn verður færður til markaðsvirðis á árinu og mun því hafa veruleg áhrif á afkomu bankans, rétt eins og háar arðgreiðslur frá SPRON á undanförunum árum hafa gert. „Við höfum átt góð samskipti við SPRON og það hefur verið mjög ánægjulegt að sjá hversu vel þeim hefur gengið.“

Íslenskir hluthafar eru rúmlega 600 talsins af tíu þúsund hluthöfum bankans og þar af er hlutur SPRON um eitt prósent. Marner segir að bankinn hafi átt góð samskipti við Íslendinga um nokkurt skeið og skráning bankans í Kauphöll Íslands sé ekki síður liður í því að vera sýnilegur gagnvart íslenskum fjárfestum í hluthafahópnum. Ávöxtun af hlutabréfum í Eik hefur ekki verið amaleg en bréfin, sem eru skráð á tilboðsmarkaði Eik, hafa teplega fjórfaldast í verði frá ársbyrjun 2006.

## MIKILVÆGUR BAKHJARL

Samþykktir Eik eru að mörgu leyti framandi. Samkvæmt þeim má enginn hluthafi eiga meira en tíu prósent í bankanum en stjórnin getur þó veitt fjárfestum heimild til að fara með allt að fjórðungshlut. Stærsti hluthafinn er sjálfseignarstofnunin Eik grunnurinn sem mun fara með um 53 prósent hlutafjár eftir útboðið. Helming stjórnar sjóðsins skipa stjórnendur bankans þannig að yfirráð yfir sjóðnum og bankanum eru í höndum sömu aðila. Marner telur ósennilegt að sjóðurinn gefi eftir kjölfestuhlut sinn í EIK, enda sé hann mikilvægur bakhjarl fyrir frekari vöxt bankans. Hann býst þó við að sjóðurinn minnki eitthvað hlut sinn á næstu mánuðum þótt formleg ákvörðun um slíkt liggja ekki fyrir.

EIK BANKI LYKILSTÆRÐIR Í LOK 1. ÁRSFJÓRÐUNGS	
Hagnaður	1.356
Hreinar vaxtatekjur	961
Þóknatekjur	1.096
Gengishagnaður og annað	226
Eignir	133.238
Eigið fé	15.018
Allar tölur í milljónum króna	
Arðsemi eiginfjár	39,9%
Eiginfjárhlutfall (CAD)	14,0%
Eiginfjárþáttur A (Tier 1)	10,3%
Áætlað V/H	14,4
Áætlað V/I	2,77

## HVENÆR SEM ER

Upplýsingar af fjármála-markaðnum í símann þinn með því að tengjast <http://m.mentis.is>

**ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI**  
til 1. júlí á <http://m.mentis.is>

MARKAÐSVAKTIN

mobile



mentis HUGBÚNAÐUR



**TILBOÐ**

**Horfðu til himins**

**ÞAKGLUGGAR**

**35%**

**afsláttur**

Gæða þakgluggar á sérstöku tilboði á meðan birgðir endast.

Fást í eftirfarandi stærðum:  
55 x 78 • 55 x 98 • 66 x 118  
78 x 98 • 78 x 140 • 94 x 140

**Ál er okkar mál**



Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • [www.altak.is](http://www.altak.is)

bazookaboy!!

# Tuttugu ár frá skattlausu árinu

Í ár eru tuttugu ár liðin frá skattlausu árinu svokallaða þegar eftirágreiðsla skatta var felld niður og staðgreiðslukerfið tekið upp. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson fór aftur í tímann og sneri aftur með svipmynd af þessu síðasta uppsveifluári sem einkenndist af gríðarlegri einkaneyslu og mikilli þenslu. Næsta ár tók að halla undan fæti.

**S**nemma árs 1986 kom til tals að leggja niður eftirágreiðslukerfi í skattheimtu og taka upp staðgreiðslukerfi. Talverðar breytingar voru í vændum enda hafði eftirágreiðslukerfið fjölmarga agnúa.

Skattkerfið fram til 1987 þótti þungt í vöfum. Skattþrep voru þrjú, allt frá um 15 prósentum fyrir lægstu tekjurnar til um 50 prósentu í efsta þrepi og hæstu tekjuflokkum. Ofan á það bættust undanþágur af ýmsum toga, svo sem afsláttur af lífeyrisiðgjöldum, vaxta-gjöldum, viðhaldi á húsnæði og mörgu fleira.

Í viðræðum ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar við Vinnuveitendasambandið og Alþýðusamband Íslands (ASÍ) fyrir kjarasamninga árið 1986 kom fram áhugi á því að stjórnvöld breyttu skattkerfinu og var leitast við að aðilar vinnuáskrádarinnar kæmu að breytingunni, sem líta mætti á sem innlegg stjórnvalda til kjarasamninga á vinnuáskráðinu. Gengið var í kerfisbreytinguna í samráði við Björn Björnsson, sem kom frá ASÍ, og Víglundur Þorsteinsson, formann Félags iðnrekenda,

sem þá var fulltrúi Vinnuveitendasambandsins. Frumvarpið var svo lagt fyrir Alþingi á fyrri hluta árs 1986.

Ákvörðun um að hafa árið 1987 skattlaust með öllu var langt í frá einföld enda skiptar skoðanir um ágæti þess. Nokkrar hugmyndir komu upp á borðið, þar á meðal að setja staðgreiðslu skatta á um leið og hitt væri lagt niður um áramótin. Víkið var hins vegar frá þessum hugmyndum vegna yfirvofandi árekstra og fjölda ágreiningsmála sem gætu komið upp.

Slíkur gjörningur hefði orðið ærið mannfrekur og kostnaðarsamur og þótti ekki þess virði að flækja málið með þeim hætti. Niðurstaðan varð sú að fella eftirágreiðslan skatt niður um áramótin 1986 og láta launþega sleppa við að greiða skatt af tekjum sínum á meðan kerfisbreytingin kæmist í gagn árið 1987. Þetta var gríðarleg einföldun á skattheimtu hér á landi. Í stað mismunandi skattþrepa og ýmissa afsláttu og ívil-

ana var ákveðið að hafa 35,2 prósentu skatt á einstaklinga og persónuafslátt sem rúmaði þær undanþágur sem fengust í fyrri kerfi. Þetta voru talverðar breytingar á skattalegum útreikningum. En launþegar fundu mest fyrir breytingunni, sem tilkynnt var að yrði að veruleika snemma árs 1987.

## LOSNAÐ ÚR VIÐJUM VINNU

Þeir sem voru í fastri daglaunavinnu með litlar launasveiflur fundu ekki mikið fyrir breytingunni að öðru leyti en því að þeir fengu laun sín óskert um hver mánaðamót þetta ár. Munaði um minna. Þeir sem haft höfðu sveiflukennd laun en lent í miklum uppgrípum árið 1986 fundu hins vegar mjög fyrir breytingunni þar sem skattleysið olli því að þessir einstaklingar sluppu við að greiða eftirágreiðda skatta fyrir uppgrípsárið. Þeir sem höfðu ráðrúm á því að auka við sig vinnu högnuðust svo mun meira en aðrir. Í þennan hóp féllu margir, svo sem sjómenn og iðnaðarmenn.

Eftirágreiðsla skatta var klafi á fólki og olli því að þeir sem höfðu verið í mikilli vinnu eitt árið urðu að leggja fyrir ættu þeir að eiga fyrir skattskuldbindingum næsta árs. Reyndar voru áætlaðir skattar greiddir fyrirfram í samræmi við álagningu ársins á undan um hver mánaðamót en þegar endanleg álagning skatta barst um mitt hvert ár gat talsverðu munað frá upphaflegri áætlun. Gátu menn því átt von á því að þurfa að greiða til baka ígildi heilla mánaðarlauna í skatta vegna mikilla tekna árið á undan. Þetta kom mjög illa við margar stéttir manna enda olli eftirágreiðsla skatta því að þeir sem höfðu mikil uppgríp eitt árið urðu ýmist að leggja talsvert fyrir til að eiga fyrir yfirvofandi álagningu eða halda áfram í stífri vinnu. Skiljanlega var því snúið fyrir mjög marga að laga sig að sveiflukenndum aðstæðum ár frá ári.

Með staðgreiðslunni sem tekin var upp árið 1988 hurfu þessir hlekkir af þeim sem unnu störf með sveiflukenndum tekjum. Enda höfu þeir, líkt og velflestir, að staðgreiða skatta við hver mánaðamót með tiltölulega litlum breytingum allajafna þegar álagningarseðillinn barst inn um bréfalúguna þegar nær dró hausti.

## MIKIL EINKANEYSLA

Árið 1987 varð eðlilega afbrigðilegt í hagfræðilegu tilliti þegar sköttum sleppti. Uppsveifluskeið hafði staðið yfir undangengin þrjú ár, frá 1984. Laun hækkuðu gríðarlega á þessum þremur árum, um ein 300 prósent – sem var að margra mati óhóflegt – og virtist ekkert ætla að draga úr á skattlausu árinu.

Atvinnuþátttaka tók stökkið við skattbreytinguna árið 1987 og var með mesta móti. Samhliða breytingunni tók kaupmáttur ráðstöfunartekna (að teknu tilliti til verðbólgu, skatta og bóta) sömuleiðis heljarstökk og jókst um heil 43 prósent á milli ára. Annað eins hefur ekki sést. Einkaneysla jókst að



sama skapi gríðarlega, um heil 16,2 prósent að raungildi á milli ára en um 23 prósent við enda uppsveiflunnar á árabílinu 1986 til 1987. Önnur eins aukning á milli ára er vandfundin.

Ástæðan fyrir þessu risastökki var vitanlega sú að hvatinn til sparnaðar var lítill sem enginn í efnahagsumhverfi sem flaggaði 18,8 prósentu verðbólgu sem þýddi að varla borgaði sig að leggja fyrir inn á sparifjárreikning. Reynslan var reyndar lítil af sparnaði hér á landi á þessum tíma enda ofurverðbólguárum rétt ólokið þegar sparnaður fólks hreinlega gufaði upp á sparireikningum. Lánin fóru sömu leið líkt og margir kannast við og virðist sem mottó manna allt fram undir lok nýnnda áratugar síðustu aldar hafi verið að eyða fremur en spara. Óhætt er að segja að sparnaður fólks hafi sjaldan verið með minna móti einmitt á sama tíma og fólk fékk óvenjuhátt hlutfall launa sinna beint í vasann.

## NOKKRIR ATBURÐIR

### Hvað gerðist árið 1987?

#### Hér er smávegis upprifjun:

■ Ríkissjónvarpið hóf útsendingar á fimmtudögum. Þetta var söguleg stund.

■ Páttur Hermanns Gunnarssonar, Á tali hjá Hemma Gunn, hóf göngu sína í Ríkissjónvarpinu.

■ Margaret Thatcher vann þingkosningar í þriðja sinn og var þar með fyrsti forsætisráðherrann til að vinna þingkosningar þrívægis í 160 ár.

■ Alþingiskosningar haldnar. Borgaraflokkur undir stjórn Alberts Guðmundssonar fór fram í fyrsta sinn og náði sjö mönnum inn á þing.

■ Kringlan opnar.



## HELSTU TÖLUR Í 20 ÁR\*

	1987	2007
Mannfjöldi	247.357	309.699
Hagvöxtur	8,6%	2,6%
Verðbólga	18,8%	4,0%**

\* Heimild: Hagstofa Íslands

\*\* í júní 2007

\*\*\* Heimild: Landsbankinn

## Lágir skattar hvetja til atvinnuþátttöku

„Það voru vangaveltur um það hvað ætti að gera við þetta ár sem yrði á milli þess sem eftirágreiðslukerfið var felld niður og staðgreiðsla tekin upp. Til tals kom að leggja á eftirágreiðda skatta og leyfa einhverja mynd af skuldajöfnun. En einfaldasta og skjótvirkasta leiðin var að gefa út yfirlýsingu þess efnis að láta almanaksárið verða skattlaust,“ segir Víglundur

Þorsteinsson, formaður Félags iðnrekenda árið 1986 og fulltrúi vinnuveitenda á þeim tíma.

Víglundur segir að kjarasamningsaðilar hafi frá upphafi talið eina ráðið að hafa árið 1987 skattlaust. „Ríkisstjórnin skoðaði ýmsa kosti en endaði á því að þetta yrði heillavænlegast,“ segir Víglundur. Ekki lá hins vegar fyrir undir árslok 1986 að næsta ár yrði skattlaust

heldur var það tilkynnt í byrjun næsta árs.

Víglundur útilokar þó ekki að ríkisstjórnin hafi tekið endanlega ákvörðun eftir að verkalýðshreyfingin lýsti því yfir að árið yrði skattlaust áður en það var formlega gefið út. „Ætli stjórnmalamennirnir hafi ekki talið það erfitt að tvíleggja á skatt, sérstaklega eftir að yfirlýsingar voru komnar um það frá kjarasamningsaðil-

um að miklu skynsamlegra væri að hafa árið skattlaust. Og kannski var það áróðurspressan sem ýtti málinu áfram,“ segir Víglundur og bætir við að margt hafi breyst til batnaðar í kjölfarið. „Vinnuþátttaka stórjókst og menn sóttu vinnu eins mikið og hver gat. Þetta var mikill uppgangur og staðfestir að lágir skattar hvetja mjög til atvinnuþátttöku,“ segir hann.



**VÍGLUNDUR ÞORSTEINSSON** Skattlausu árið sýnir að lágir skattar hvetja mjög til atvinnuþátttöku, að sögn Víglundar Þorsteinssonar, fyrrverandi fulltrúa Vinnuveitendasambandsins og núverandi forstjóra BM Vallár.

MARKAÐURINN/GVA



# Vökvadætur

# Vökvamótorar

# Stjórnbúnaður

**SAUER  
DANFOSS**

*What really matters is inside*

Danfoss hf

Skútuvoði 6 • 104 Reykjavík • Sími 510 4100 • [www.danfoss.is](http://www.danfoss.is)

# sjómannaþlíf

MIÐVIKUDAGUR 4. JÚLÍ 2007



## Uppbókað fyrir vestan

„Starfsmenn Lýsingar unnu hratt og örugglega úr umsókn okkar um fjármögnun vegna bátaútgæðar til sjóstangaveiða fyrir þýska ferðamenn á Vestfjörðum. Á síðasta ári gerðum við út 11 báta en í sumari eru þeir 21 á sjó.“

Finnur Jónsson, Próton ehf

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsníðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir

  
**LÝSING**

LÝSING.IS // 540 1500

## Kjötsúpan slær alltaf í gegn

Sigurður Rúnar Gíslason hefur rekið Grandakaffi í tuttugu og fimm ár. Þar ræða sjómenn málin allan ársins hring og gæða sér á kjötsúpu.

„Ég stofnaði Grandakaffi fyrir um tuttugu og fimm árum. Þá hafði húsið verið notað frá sjöunda áratugnum sem baðhús fyrir sjómenn enda engin slík aðstaða um borð í þá daga. Þeir komu þá við hér og skuluðu af sér eftir túrin til að koma heim hreinir og fínir,“ segir Sigurður Rúnar Gunnarsson sem í daglegu tali er kallaður Rúnar á Grandakaffi.

Rúnar hefur alltaf verið í landi en starfaði í tæp tuttugu ár við Reykjavíkurhöfn sem rafvirki. Flest skip fengu baðaðstöðu þegar fram liðu stundir og þá breyttist baðhúsið í Grandakaffi. „Ég verð ekki ríkur af þessum rekstri en þetta er svo góður staður. Mikið

af góðu og skemmtilegu fólki sem ég hitti hérna daglega svo ég vil hvergi annars staðar vera,“ segir Rúnar.

Flestir sem koma á Grandakaffi eru sjómenn, bæði smábátæigendur og áhafnir af skipum. Leigubílstjórar, iðnaðarmenn og fólk sem vinnur vaktavinnu að sögn Rúnars. „Þetta er hálfgerð félagsmiðstöð og við fáum alla mannflóruna hingað. Ég þekki langflesta sem koma hingað og flestir þekja mig. Hér eru málin rædd fram og til baka og hér fá allir að hafa sínar skoðanir,“ segir Rúnar sem býður upp á þjóðlega rétti og er með gott úrval af mömmum eins og hann segir sjálfur. „Ég er alltaf með rétt dagsins en síðan slær kjötsúpan alltaf í gegn hjá mér. Ef það eru margir hjá mér í mat og allt klárast, er alltaf til kjötsúpa það klikkar aldrei.“ rh@frettabladid.is



Rúnar á Grandakaffi býður sjómönnum upp á þjóðlega rétti í gamla baðhúsinu við höfnina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



„Ég teldi miklu eðlilegra að skerða eitthvað loðnukvótann og ná þyngdaraukningu í þorskinum þannig,“ segir Órn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátæigenda. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## Línufiskurinn langbestur

**Smábátasjómenn óttast um sinn hag eftir að Hafró gaf út tillögur um stórfellda skerðingu þorskvótans.**

„Smábátasjómenn veiða um 20 prósent íslenska þorskaflans og miðað við verð á mörkuðum í dag dregst aflaverðmæti þeirra í þorski saman um tólf milljarða ef farið verður að tillögum Hafró,“ segir Órn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátæigenda, og heldur áfram: „Flestar smábátatúgerðir eru algerlega háðar þorski og þó þær vildu svissa yfir í ýsu þurfa þær þorskvóta líka því ógerlegt er að sneiða hjá honum á miðunum.“

Þorskvótinn er 193 þúsund tonn á þessu ári. Samkvæmt aflareglunni ætti hann að verða 178 þúsund á næsta fiskveiðiári en Hafnansóknarstofnun leggur til að hann fari niður í 130 þúsund tonn. Órn kveðst finna fyrir kvíða og reiði hjá sínum mönnum. „Smá-

bátasjómenn upplifa ekki þetta hættuástand á miðunum. Flestir þeirra telja nægan fisk í sjónum og hann vel haldinn, enda hafa veiðarnar gengið vel. Stjórn landsambandsins hefur lagt það til að sjávarútvegsráðuneytið gæfi út jafnstöðu afla til þriggja ára, 220 þúsund tonn og hvikaði ekki frá því. Það er okkar tillaga.“

Órn hefur margt við skýrslu Hafró að athuga. „Stór hluti af fæðu þorsksins er loðna en þrátt fyrir að Hafró telji þorskinn vannæðan leggur stofnunin til að loðnuveiðar hefjist strax í haust. Ég teldi miklu eðlilegra að skerða eitthvað loðnukvótann og ná þyngdaraukningu í þorskinum þannig.“

Í skýrslu Hafró er hrygningarstofninn talinn mjög dapur og þar miðað við meðaltal frá 1955, sem er 300 þúsund tonn. En stofninn hefur verið í hægum stígananda alveg frá 1983 og ef tímabilið frá 1983 til 2006 er skoðað þá er hrygningarstofninn í sögulegu hámarki árið 2005, 228 þúsund tonn.

Sama máli gegnir um meðaltal í nýliðun. Hafró fer þar allt aftur til ársins 1955 en ef miðað væri við 1985 þá væri allt mjög eðlilegt. „Þrátt fyrir hátt gengi íslensku krónunnar segir Órn mun herra verð fást fyrir fiskinn á síðustu árum en áður, enda fari hann allur á markað.“

„Auðvitað fá smábátasjómenn langbesta verðið enda með langferskasta fiskinn. Í búðum eins og Marks og Spencer í London er línufiskur seldur á næstum helmingi herra verði en annar. Smábátasjómenn stunda vistvænstu veiðarnar og eyða minni olíu miðað við aflaverðmæti en önnur fiskiskip því olían sparast meðan línan liggur í sjó en á togurum er alltaf verið að toga. Árið 2004 reiknaði Hagstofan það út að 2,8 prósent af aflaverðmæti smábáta færi í olíu en hjá ísfisktogurum var hlutfallið 16,3 prósent. Af því sést hvað þetta er umhverfisvæn floti.“

gun@frettabladid.is



### Grillveisla

### Sægreifans

Hin fullkomna

humarsúpa

samkvæmt New York Times

Opíð 7-21 alla daga vikunnar

### Humarsúpa

### Fiskur á grillið

## Sægreifinn


Sérverslun með sjávarfang

Verbúð 8 við Geirsgötu, 101 Reykjavík, Sími 553 1500

# SÓKN ER BESTA VÖRNIN

Til að þreyja þorrann eru plastskip framtíðin

Minni rekstrarkostnaður betra hráefni




## Seigur 1500

32 brt 25 brl.

Yfirbyggður fyrir línuna eða netin.  
Með fellikyli lætur vel að stjórn.

Glæsilegt skip.

Réttindi: Pungapróf.




## Seigur 2500

ca. 150 brt

Yfirbyggður fyrir línuna eða netin.  
Með fellikyli lætur vel að stjórn.

Hugmyndaskip.

Réttindi: Skipstjóri - Vélstjóri.



## Segur 2500 FS

Glæsilegt fjölveiðiskip úr plasti.

Hentugt til flestra veiða.

Disel Electric.

Electric spilbúnaður.

Vacum infusion Diab pvc.

Framtíðar hugmyndaskip.

## Einnig allir krókabátarnir

1300 W sá stærsti • 1160 sá næsti • 1100 sá Siglfyrski • 1000 sá minnsti

# Framtíðin er björt með plastskipi frá Seiglu

## SEIGLA EHF

Hjalteyrargötu 22 • 600 Akureyri • Ísland • Sími +354 551 2809 • Fax +354 551 2810 • E-mail seigla@seigla.is

### ● LÍNUÍVILNUN

Frá og með 6. júlí nk. fellur niður línuívilnun í ýsu segir í frétt í Fiski-fréttum. Á fiskveiðiarinu 2006/2007 var miðað við að línuívilnun yrði 1.722 tonn í ýsu en aflinn er nú þegar orðinn rúm 1.729 tonn, eða 7 tonnum meiri en til stóð. Öðru máli gegnir um línuívilnun í þorski. Enn vantar 1.088 tonn upp á að viðmiðunarmörkum í þorski verði náð. Þá vantar 394 tonn upp á að línuívilnun í steinbít náist. Sjá nánar á [www.fiskistofa.is](http://www.fiskistofa.is).



### ● HANDBÓK UM VARNIR GEGN SJÓSLYSUM

Nýlega var gefinn út handbók um varnir gegn slysum á sjó og vernd sjómanna í Evrópu (Handbook for the prevention of accidents at sea and the safety of fishermen), en handbókin er samstarfsverkefni Europêche (samtafa stofnana í sjávarútvegi innan ESB) og ETF (sambands félaga flutningsverkamanna í Evrópu).

Við gerð handbókarinnar skiptust hagsmunaaðilar ýmissa Evrópulanda á upplýsingum um varnir gegn slysum og öryggisþjálfun sjómanna og er handbókinni ætlað að auka vitund um málefni er varða slysavarnir á sjó. Handbókina má nálgast á vef Siglingastofnunar Íslands á [www.sigling.is](http://www.sigling.is)



Sigurður Jósepson segir áhöfnina á Tjaldi vera eins og eina stóra fjölskyldu.

## Skipið er mitt annað heimili

Sigurður Jósepson háseti á Tjaldi hefur verið til sjós í þrjátíu ár og er ekkert á leið í land.

„Ég á forfeður sem reru til sjós og upphaflega var það stóri draumurinn að gerast sjómaður. Eftir því sem tíminn leið á sjónum varð sífellt erfiðara að koma í land og vinna, svo ég ílengdist,“ segir Sigurður Jósepson, háseti á Tjaldi SH-270 sem er 400 tonna skip á leið í útgerð á Rífi.

Skipið lá við bryggju niðri á Granda þegar blaðamaður bar að garði. Sigurður var á leið í tveggja mánaða stöpp og Tjaldur á leið í slipp.

Síðastliðin fjögur ár hefur áhöfnin verið á grálúðu en nú er verið að skipta yfir í línu og segir Sigurður þá tilhögun leggjast vel í áhöfnina.

Tjaldur fagnar fimmtán árum í haust og þar af hefur Sigurður verið um borð í þrettán og hálf ár.

Hann hefur verið til sjós í þrjátíu ár en segist aldrei hafa haft áhuga á að fá sér trillu eða gera út sjálfur. „Mér hefur liðið svo vel hjá útgerðarfélaginu Brimi sem gerir út Tjald að ég hef aldrei séð ástæðu til að fara annað,“ segir Sigurður.

Skipið hefur hingað til verið gert út frá Reykjavík en er á leið í útgerð á Rífi þar sem útgerðin KG tekur við því. Áhöfnin er búsett víða um land en sjálfur hefur Sigurður alltaf haldið sig í borginni.

Hann segir fjölskyldulífið ganga ágætlega þrátt fyrir fjarveruna. Þó er hann ekki viss um að starfið henti öllum. „Maður missir af miklu í uppeldi barnanna sem sjómaður. En í staðinn hefur starfið verið

ágætlega borgað, það er jákvæða hliðin,“ segir Sigurður.

Síðastliðin ár hefur Tjaldur sigt út að 200 mílna línunni á grálúðuveiðar og tekur stímið að sögn Sigurðar tuttugu tíma í góðu veðri. Þar er veitt í tólf daga og síðan stoppað heima í tvo.

Milli vakta horfir áhöfnin á gervihnattasjónvarpið eða nýtir sér líkamsræktarastöðu sem er um borð. „Áhöfnin er eins og ein stór fjölskylda. Skipið er eins og annað heimili okkar enda erum við meira um borð heldur en heima hjá okkur í landi,“ segir Sigurður sem segir þó áhöfnina sjást lítið í landi.

„Við notum tímann með fjölskyldunni heima við. Ætli við séum ekki líka búnir að fá nóg hver af öðrum þegar við komum í land,“ segir Sigurður hlæjandi.

## Sérfræðingar í saltfiski

Þjónustum verslanir, veitingahús o.fl.

Fyrir verslanir:

**Til suðu:**  
saltfiskbitar blandaðir  
gellur  
gollarapunnildi

**Til steikingar:**  
saltfiskbitar blandaðir  
saltfiskkurl  
saltfiskhnakkur tvær stærðir (lomos)  
gellur

**Fyrir veitingahús – hótél – mótuneyti:**  
saltfiskhnakkur tvær stærðir (lomos)  
saltfiskbitar blandaðir til suðu og steikingar  
saltfiskkurl

**Fyrir utan saltfiskinn þjónustum við sitthvað fleira, svo sem:**

ýsuhnakka  
rækjur  
þorsknakka  
steinbitskinnar og bita

**Ekta fiskur**  
Sælgeti úr sjónum

Sími: 466 1016  
[ektafiskur@emax.is](mailto:ektafiskur@emax.is)

## HONDEX DÝPTARMÆLIR OG PLOTTER



[www.rs.is](http://www.rs.is)

### Hondex HE-7301

Sambyggður dýptarmælir og plotter

- 10,4" TFT LCD litaskjár sem hægt er að hafa lóðréttan eða láréttan
- Tveggja tíðna (50/200 kHz) 1,2 Kw
- Botnstækkun (x2, x4, x8) og botnlæsing
- Litaplotter sem notar C-MAP kort
- 7 mismunandi litir til að ferla
- 4 mismunandi bakgrunnslitir
- Allt að 32.000 ferilpunkta minni
- Allt að 1000 leiðapunkta minni
- Allt að 20 leiðir í minni
- Allt að 24.000 merkjapunkta minni
- Fisksjá (A-scope)
- Fjarstýring með eða án kapals fylgir

*Hondex HE-7300 og HE-7301 eru hágæða dýptarmælar sem hlotið hafa mikið lof notenda.*

### Hondex HE-7300

Dýptarmælir

- 10,4" TFT LCD litaskjár sem hægt er að hafa lóðréttan eða láréttan
- Tveggja tíðna (50/200 kHz) 1,2 Kw
- Botnstækkun (x2, x4, x8) og botnlæsing



**R. SIGMUNDSSON**

FISKISLÓÐ 16 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000

## Stelpur gefa strákum alls ekkert eftir á sjó

Konráð Sigurðsson er skipstjóri á Lágey PH-265, fimmtán tonna línubeitingarbáti, sem er gerður út frá Húsavík. Athygli hefur vakið að í fjögurra manna áhöfn Lágeyjar er ein kona að staðaldri og komið hefur fyrir að þær séu tvær.

„Það er ekkert óvanalegt hjá mér að vera með kvenfólk um borð,“ segir Konráð og hlær þegar hann er spurður um þetta óvenjuháa hlutfall kvenna í áhöfn Lágeyjar. „Ég hef verið einn á móti konunni minni og dóttur í nokkra daga og dóttur mína var ég með heilt sumar einu sinni og þá vorum við bara þrjú um borð, svo þetta er ekkert óvanalegt.“

Konráð segir að honum finnst mjög fínt að vera með kvenfólki á sjó. „Á margan hátt er munur á kynjunum, stelpurnar eru náttúrulega fínlegri en strákarnir, handsærri og líkamsbyggingin bara allt önnur. En þær gefa strákunum ekkert eftir og í vissum verkum geta þær verið mun



Konráð Sigurðsson skipstjóri segir gott að vinna með kvenfólki á sjó.

FRÉTTABLAÐIÐ/ROSA

sneggri. Á línubeitingarbátunum eru þær til dæmis oft handfljótari en strákarnir. Ég var að tala við annan skipstjóra um daginn sem er búinn að vera með stelpu í áhöfninni lengi og hann sagði hana ekki gefa strákunum neitt eftir.“

Konráð segist hiklaust hvetja þær stelpur sem langar til þess að prófa sjómennskuna að reyna að fá pláss einhvers staðar. „Ef þær hafa áhuga eiga þær bara og hringja og spyrja því það vantar auðvitað fleiri stelpur á sjó.“ - eð

Ferskt úrvals hrefnukjöt í næsta kjötborði



# 36 á annarri 32 á hinnri



## Gómsætt í veisluna

- Skerðu ferskt kjötið í sneiðar, alls ekki meira en 0,5 til 1 cm á þykkt.
- Aldrei meiri steiking en „Medium Rare“ eða „Rare“, 36 sek. á annarri hliðinni og 32 á hinnri!
- Ekki krydda of mikið.
- Pönnusteiking á sjóðheitri pönnu eða á grillið: dýfa kjötinu í grill- eða steikarolíu og strjúka svo af mest af ólunni.
- Hrefnukjötið eru líka frábært hrátt sem forréttur, með japanskri Kikkoman sojaolíu.

Farðu nýjar leiðir og prófaðu ferskt úrvals hrefnkjöt á grillið eða á pönnuna - snöggsteiktar að hætti meistarakokka.

Nýtt og sérvalið, safaríkt og lungamjúkt á tungu; þú finnur vart betra hráefni og máltíðin verður upplifun. Meistarakokkarnir mæla með úrvalshrefnukjöti í veisluna – og svo er það þægilegt í matreiðslu.

Þú getur fengið girnilegar uppskriftir og upplýsingar á [www.hrefna.is](http://www.hrefna.is)

Þú færð úrvals hrefnukjöt í eftirtöldum verslunum:

NÓATÚN

KRÓNAN

Samkaup úrval

nettó

FK

SPAR

KJÖRVAL

Melabúðin

Þín verslun

KASKO

Hrefnuveiðimenn  
[www.hrefna.is](http://www.hrefna.is)



Ólöf segir Slysavarnafélagið Landsbjörg og forvera þess hafa bjargað þúsundum mannlífa.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

## Stórt skref í öryggismálum

Slysavarnafélagið Landsbjörg og forverar þess hafa bjargað á þriðja þúsund sjómanna úr sjávarháska

„Slysavarnaskóli sjómanna sem rekinn er um borð í skipinu Sæbjörg, áður Akraborg, er stórt skref í öryggismálum sjómanna, en síðan starfsemin fór af stað hefur alvarlegum slysum og banaslysum fækkað umtalsvert á sjó,“ segir Ólöf Snæholm Baldursdóttir, upplýsinga- og kynningafulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

„Námskeiðin eru ætluð sjómönnum og haldin um borð í skipinu í Reykjavík yfir vetrartímann,

en á sumrin fer það með námskeiðin hringinn í kringum landið,“ heldur Ólöf áfram. „Allir sjómenn landsins eiga samkvæmt lögum að fara í gegnum námið, til að fá lögskráningu, og síðan í endurmenntun á fimm ára fresti eftir það.“

Slysavarnaskólinn er að sögn Ólafar flaggskip Slysavarnafélagsins Landsbjargar í slysvörnum sjómanna, en þess utan hefur félagið yfir fjórtán björgunarskipum og á annað hundrað björgunarbátum af ýmsu tagi að ráða. Öll skipin eru með þjálfuðum áhöfnum, sem eru tilbúnar að fara af stað hvenær sem er. Er áætlað að um þrjú þúsund manns séu á virkinu útkallslista.

„Stóru sveitirnar, eins og þær sem eru á höfuðborgarsvæðinu, eru mjög deildaskiptar,“ bendir Ólöf jafnframt á. „Þar er algengt að menn starfi innan deilda sem sérhæfa sig í ákveðinni tegund björgunarstarfa. Starfsemin er meira alhliða úti á landi.“

Ólöf bætir við að félagið hafi beitt sér fyrir auknu öruggi í höfnum, þar sem mörg slys eigi sér stað. „Við höfum tekið út hafnirnar með tilliti til slysgilda og sett upp björgunarhringi í þeim flestum,“ segir hún. „Allt saman hefur þetta átt sinn þátt í því að bjarga lífi á þriðja þúsund sjómanna, svo ekki sé talað um þúsundir almennra borgara.“

roald@frettabladid.is

## Saltfisknum gerð góð skil

Saltfisksetrið í Grindavík er tæplega fimm ára gamalt safn þar sem saga saltfisksins á Íslandi er sett fram á mjög skemmtilegan hátt. Hrönn Kristjánsdóttir safnvörður segir aðsóknina að safninu mjög góða.

Saltfisksetrið var opnað í september 2002 og Hrönn segir að fastasýningin sé nokkurs konar ganga í gegnum sögu saltfisksins á Íslandi. „Fyrstu heimildir um saltfiskverslun eru frá 1772 og á sýningunni hefjum við gönguna á bryggjunum þaðan sem við förum inn í fiskiþorpið þar sem allir eru að vinna. Þar sjáum við vinnubrögðin og vinnuferlið, fylgjumst með sölufurðinu, hverjir sömdu við hverja og um hvað. Að lokum göngum við svo til Portúgal, en þetta er eini staðurinn á Íslandi þar sem við getum labbað til Portúgal en þar er seldur íslenskur saltfiskur,“ segir Hrönn og hlær.

Á sýningunni er margt skemmtilegt að sjá og meðal annars hægt að skoða ljósmyndir og horfa á véð. „Við erum bæði með leiknar heimildir og staðreyndir. Þetta er mjög falleg og skemmtileg sýning og afskaplega lýsandi og góð uppsetning. Við erum með leiðsögn um safnið ef fólk vill og hljóðleiðsögn á ensku, frönsku og þýsku. Héðan á því enginn að fara án þess að hafa allar þær upplýsingar sem hann þarf,“ segir Hrönn.

Í húsi saltfisksetursins er einnig



Sýningin endar í Portúgal þar sem íslenskur saltfiskur er til sölu á götum úti.

listsýningasalur þar sem reglulega eru settar upp nýjar sýningar. „Við erum með sýningar á svona tveggja til þriggja vikna fresti allt árið og höfum verið með mest fjórtán sýningar á ári. Við fáum listamenn alls staðar að, íslenska sem erlenda og erum núna með belgíska listamenn. Aðsóknin að safninu og listsýningarsalnum er gríðarlega góð, en þetta styður auðvitað hvort annað auk þess sem við erum með ágætis kaffihús hérna og góðan pall þar sem fólk getur setið úti og notið útsýnisins yfir höfnina sem er alveg frábært.“

emilia@frettabladid.is

## Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar



Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557



Á Saltfisksetrinu má sjá hvernig saltfiskurinn var unninn áður fyrr.



Meðal þess sem hefur verið sýnt í listsýningasal Saltfisksetursins eru glerlistaverk Steindóru Bergþórsdóttur.



... ekki bara legur !!

DRIFKEDJUR

VERKFÆRI

REIMAR

ÁSTENGI

TANNHJÓL

REIMSKÍFUR

KLEMM-  
FÓÐRINGAR



**LANDVÉLAR**

Smiðjuvegi 66 - 200 Kópavogi  
www.landvelar.is S. 580 5800



**STRAUMRÁS**

Furuvellir 3 - 600 Akueyri - S. 461 2288



# TRAUST MERKI Á HAFNARBAKKANUM

F I T O R / S T A

- N1 ÞJÓNUSTUSTÖÐVAR**
- N1 VERSLANIR**
- N1 BÍLÞJÓNUSTA**
- N1 FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA**

SÍMI 440 1100  
WWW.N1.IS

N1 er leiðandi verslunar- og þjónustufyrirtæki fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Fyrirtækjafjónusta N1 annast faglega ráðgjöf til stórnotenda og sér um ýmsa sértæka þjónustu og samningagerð sem tryggir viðskiptavinum auknið hagræði. **N1 - Meira í leiðinni**






**KRINGLAN** Árið 1987 opnaði Kringlan á horni Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Þar gafst landsmönnum kostur á að halda einkaneyslunni áfram innandyra.

## Skattlausa tónlistin

Hvaða tónlist var fólk að hlusta á árið 1987? Hér er stutt yfirlit yfir það sem var vinsælast á skattlausa árinu:

- Guns N' Roses - Appetite for Destruction-
- Los Lobos - La Bamba
- Greifarnir - Dúbl í horn
- Prince - Sign of the Times
- Megas - Loftmynd
- Pet Shop Boys - Actually
- A-Ha - Living Daylights



Svo lítill var hvatinn til sparnaðar. Hafa verður í huga að sparnaðarleiðir í öðrum löndum voru lokaðar landsmönnum. Þær opnuðust ekki fyrr en eftir 1990 að einhverju marki.

Á sama tíma og hið opinbera varð af tekjuskattgreiðslum í eitt ár sá það sömuleiðis á eftir öðrum stórum lið, hluta aðflutningsgjalda á ökutæki. Stór neysluliður á skattlausa árinu fólst einmitt í kaupum fólks á bifreiðum. Kaup á ökutækjum voru ekki á allra færi fyrir 1987. Hluti af samkomulagi stjórnvalda við verkalyðshreyfinguna árið 1986 fólst í lækkun á aðflutningsgjöldum af bílum til að auðvelda almenningi að eignast ökutæki. Lækkunin kom öll til árið 1987 og skilaði sér í því að kaupmáttur jókst gríðarlega. Bílannflutningur rauk upp úr öllu valdi. Rúmlega 18.000 bílar voru fluttir inn á skattlausa árinu og nam hlutfall bílakaupa af neyslu landsmanna heilum átta prósentum. Hlutfallið er einsdæmi hér á landi og hefur enn sem komið er ekki verið slegið.

### LÍTIÐ ATVINNULEYSI

Atvinnuleysi var lítið á skattlausa árinu, í kringum 0,5 prósent, enda mikill hvati til aukinnar vinnu þar sem tekjuskatti var sleppt úr launaumsluginu. Svo mikil var áskóknin í vinnu að yfirskoðunarmenn á ríkisreikningum fyrir árið geta þess sérstaklega að í ljós hafi komið að stjórn á vinnuafslnotkun hafi verið víða ábótavant og umfram heimildir hjá stofnunum ríkisins. Hafi þeir rekist á nokkur dæmi þess að einstakir menn hafi fengið greiddar um eða yfir 1.600 yfirvinnustundir á árinu. Það jafngildir tæpum 4,4 yfirvinnustundum á dag allan ársins hring, helgar jafnt sem helgidaga og aðra almenna frídaga, bæði um páska og jól. Svo virðist sem viðkomandi hafi ekki einu sinni tekið sér sumarfrí vegna anna. Sérstaklega er tekið fram að þetta sé

langt umfram það sem eðlilegt geti talið.

Hafa ber í huga að atvinnulífið var talsvert öðruvísi á nýnda áratug síðustu aldar en nú. Svigrúm til innflutnings á vinnuafli var lítið enda samningar landa á milli ekki til fyrr en með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sem var undirritaður árið 1993.

### EFNAHAGSLÆGD Í KJÖLFAR PENSLU

Það er engu líkara en að Íslendingar hafi ofkeyrt sig á skattlausa árinu og ýmist brostið kraftur eða lagst fyrir til að endurnýja aflið fyrir komandi tíð. Ský tók að draga fyrir sölu strax næsta ár. Óhóflegur vöxtur kaupmáttar og mikil einkaneysla í stað fjárfestinga sem skilað geta afkomu til lengri tíma gróf hratt

## Skattlausa bíóárið

Hvað var í kvikmyndahúsum árið 1987? Hér er smá upprifjun á vinsælustu myndum ársins:

- Good Morning, Vietnam
- Dirty Dancing
- Three Men and a Baby
- Lethal Weapon
- La Bamba
- Robocop
- Fatal Attraction



undan viðskiptajöfnuði ársins á undan og skilaði sér í viðskiptahalla upp

á 3,5 prósent á skattlausa árinu.

Ekki horfði til betri vegar árið eftir en þá varð aflabrestur í þorskveiðum sem drógust saman um fimmtán prósent auk þess sem landsframleiðsla dróst verulega saman. Þar á ofan gekk alþjóðleg haglægð yfir sem hafði áhrif hér á landi. Atvinnuleysi jókst jafnt og þétt eftir 1987 og fór úr 0,5 prósentum í fimm prósent árið 1995. Það jafngildir því að sex þúsund manns hafi verið án atvinnu. Ekki fór sólin að skína á ný í íslensku efnahagslífi fyrr en um miðjan tíunda áratuginn þegar uppsveiflan hófst aftur.

## Athyglisverð tilraun

„Þetta var athyglisverð tilraun við raunverulegar aðstæður sem gefast sjaldan,“ segir Björn Rúnar Guðmundsson, forstöðumaður greiningadeildar Landsbankans. Björn skrifaði grein um skattlausa árið í félagi við Gylfa Zöega, prófessor við Háskóla Íslands, og Marco Bianchi. Greinin birtist í ritinu American Economic Review og bar yfirskriftina „Iceland's Natural Experiment in Supply-Side Economics“. Um tímamótgrein var að ræða enda í fyrsta sinn sem grein eftir Íslendinga birtist í ritinu.

Björn segir þetta vissulega hafa verið einkennilegt ár að mörgu leyti. Ekki síst þar sem

eitt ár myndaðist þar sem í einhverju tilliti var skattlaust. Undantekningin fólst að vísu í því að fólk var enn að greiða skatta vegna tekna ársins 1986. En að öðru leyti var ekki greiddur skattur af tekjum skattlausa ársins.

„Það er ekki oft sem maður fær tækifæri sem þetta til að prófa kenningar í hagfræði við raunverulegar en óvenjulegar aðstæður, líkt og þær sem sköpuðust á skattlausa árinu. Þetta voru ágæt tilraunaaðstæður sem sýna auðvitað að vinnuaflið bregst mjög vel við aðstæðum þegar skattar eru lágir,“ segir Björn.



**BJÖRN RÚNAR** Aflabrestur og miklar sviptingar í íslensku efnahagslífi áttu þátt í efnahagslægðinni sem gekk yfir landið í kjölfar skattlausa ársins, að mati Björns Rúnars Guðmundssonar. MARKAÐURINN/VALLI

Björn vísar því hins vegar á bug að mikill vöxtur einkaneyslu hafi átt hlut að því að halla tók undan fæti næsta áratuginn. Þar hafi miklar sviptingar í íslensku efnahagslífi í kjölfar gjaldþrots Sambandsins og aflabrestur átt stærri þátt, að hans sögn.

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Orkubrautir athafnalífsins eru stíflaðar.

## Opinber útpenslu- stefna og útrás

Hafliði Helgason

Orkugeirinn hefur verið í kastljósinu í kjölfar baráttu um eignarhluti í Hitaveitu Suðurnesja. Þar er í uppsiglingu hörð keppni á milli einkafyrirtækis sem hyggur á útrás í orkugeiranum og opinbera fyrirtækisins Orkuveitu Reykjavíkur.

Orkuveita Reykjavíkur sækir fram og vill vaxa og dafna. Það er í sjálfu sér ekki óeðlilegt að metnaður stjórnenda og starfsmanna Orkuveitu Reykjavíkur sé eins og hjá öðrum fyrirtækjum að eflast og sækja fram. Vandinn er bara sá að Orkuveita Reykjavíkur er ekki fyrirtæki í þeim skilningi. Hún er til orðin sem sameiginlegt átak sveitarfélaga til að sjá íbúum fyrir hita og rafmagn á hóflegu verði. Eðli Orkuveitunnar er ekki hið sama og Geysis Green Energy sem hyggst vaxa og dafna og skila fjárfestum mikill arðsemi. Orkuveitan á að skila góðri og ódýrri þjónustu til íbúa á höfðuborgarsvæðinu og arðsemiskraftan miðast við að hún sé fær um að fjárfesta í framtíðaruppbyggingu með það að markmiði að tryggja íbúum góða þjónustu á sem lægstu verði.

Þetta er nú allt og sumt. Einkafyrirtæki lúta öðrum lögmálum. Þau nýta kunnáttu og þekkingu til að vaxa og hámarka arðsemi fjárfestinga sinna. Markmiðið er að skila hluthöfum sem bestri ávöxtun til langs tíma lítið. Slík fyrirtæki taka oft og iðulega talsverða áhættu, en mikill þekking á afmörkuðum sviðum á að gera slík fyrirtæki færari í að meta slíka áhættu rétt.

Þetta er meðal þess sem íslensk fjármálafyrirtæki gerðu þegar ríkið seldi sinn hlut í þeim. Slík tækifæri liggja einnig í orkugeiranum. Framundan er mikill hagvöxtur og lífskjarabylting á svæðum þar sem fátækt er enn veruleg svo sem í Kína, Indlandi, Suður-Ameríku og Austur-Evrópu. Eitt af því sem haldið getur aftur af vexti á þessum svæðum er aðgangur að vatni og orku. Þörfin verður því gríðarleg og miklir möguleikar á útrás í geiranum, eins og þegar er raunin í einhverjum mæli.

Til þess að slík útrás heppnist er mikilvægt að hún sé drifin áfram af áhættufjármagni sem ekki er tekið af skattborgurum. Opinber fyrirtæki geta og hafa lagt eitt og annað til í byrjun. Þekking er eitt af því, en það er ekki markmið þeirra að fara fremst í slíkri útrás. Fáum myndi detta í hug að láta Borgarbókasafnið fara í útrás, jafnvel þótt finna mætti markað fyrir þjónustuna.

Átökin um Hitaveitu Suðurnesja eru áminning um það að mikilvægt er að skapa sér skýrari sýn á geirann. Þar þarf að hafa í huga að tryggja neytendum góða þjónustu fyrir sanngjarnt verð, en um leið opna möguleika fyrir útrás og vöxt í greininni. Stjórnmalamen sem hafa talað hvað hæst um fráleitar fjárfestingar í ljósleiðurum og rækjueldi, eru marklausir ef hvergi er haldið aftur af Orkuveitu Reykjavíkur í baráttu við einkafjármagn. Ef það er rétt að vel á þriðja hundrað milljarðar fengjust fyrir Orkuveitu Reykjavíkur miðað við verð á hlutum í Hitaveitu Suðurnesja, þá hlýtur að vakna sú spurning hvort þeir fjármunir nýtist ekki íbúum betur annars staðar og hvort þá sé ekki réttast að huga að sölu. Samhliða slíkum vangaveltum þarf að tryggja hagsmunum notendanna.

eggert@markadurinn.is | hafliði@markadurinn.is | holmfríður@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | olíkr@markadurinn.is

## Sumarstemning

HEITASTA VÉLIN



**Canon EOS 400D**  
með 18-55mm linsu

10,1 milljón pixla  
2,5" skjár  
Níu punkta fókus  
Digic II örgjörvi  
3 rammar á sek.  
allt að 27 rammar í burst  
Picture style – mismunandi  
litir og áhrif  
Hugbúnaður til RAW vinnslu í tölvu  
Video out  
Vegur aðeins 510 grömm  
Val á yfir 60 linsum við vél

HANS PETERSEN

Bankastræti Fjórður Kringlan Laugavegur 178 Smáralind

## Er viðskiptahallinn að grafa undan krónunni?

ORD Í BELG

Lúdvík Elíasson  
Hagfræðingur  
í Greiningardeild  
Landsbankans



Gríðarlegur halli hefur verið á viðskiptum við útlönd undanfarið ár. Fyrst og fremst vegna innflutnings á fjárfestingarvörum og neyslurörum en einnig vegna halla á þáttatekjum, þ.e. launum, vaxtagreiðslum og eignatekjum á milli landa. Hallinn mældist 34 prósent af landsframleiðslu á lokafjórðungi síðasta árs og hefur valdið alþjóðastofnunum miklum áhyggjum. Lánshæfisfyrirtæki horfa líka til viðskiptahallans en hann ber vitni um ytra ójafnvægi í hagkerfinu og hættu á snarpri gengislækkun. Seðlabankinn hefur ítrekað í yfirlýsingum að viðskiptahallinn geti leitt til snöggrar gengislækkunar og þar með verðbólgu.

Halli á þáttatekjum vegur sífellt þyngra. Á síðasta fjórðungi ársins 2006 nam halli á viðskiptum með vörur og þjónustu 20 prósentum af landsframleiðslu og halli á þáttatekjum mældist 14 prósent.

### HVAÐ ER SJÁLFBÆR VIÐSKIPTAHALLI?

Það er ekki markmið í sjálfu sér að skila afgangi af viðskiptum við önnur lönd. Ekki er óeðlilegt að sumar þjóðir flytji inn meira en þær flytja út. Vangaveltur um það hvort viðskiptahalli sé of mikill beinast fljótt að spurningunni um hvort hann sé sjálfbær. Ýmsar skilgreiningar eru til á því hvað telst sjálfbær halli. Ef tekjur frá útlöndum duga ekki til að greiða fyrir innflutning þá þarf að taka erlent lán til að greiða muninn. Þá aukast erlendar skuldir, þar með vaxtagreiðslur til útlanda og viðskiptahallinn. Sjálfbær halli er stundum skilgreindur þannig að hann leiði ekki til aukningar á erlendum skuldum þjóðarinnar eða að skuldir fari ekki yfir ákveðið hlutfall af landsframleiðslu. Þetta er nokkuð þröng skilgreining þar sem hún leyfir ekki miklar erlendar fjárfestingar í framleiðslugetu þrátt fyrir að þær geti verið arðsamar.

### ERLENDUR SAMANBURÐUR

Viðskiptahalli getur mælt mikill á meðan erlendar fjárfestingar sem auka við framleiðslugetu landsins og bæta varanlega við útflutnings-tekjur eiga sér stað. Sambærileg áhrif hafa komið fram þegar gjaldrysskómmun er aflétt og fjármagnsflutningar milli landa eru gefnir frjálslir. Ýmis þekkt dæmi eru um að áhyggjur af verulegum

### HALLI Á VIÐSKIPTUM MEÐ VÖRUR OG ÞJÓNUSTU MINNKAR HRATT

Verulega dregur úr innflutningi í ár. Mikill samdráttur mældist á fyrsta ársfjórðungi vegna minnkandi stóriðjufjárfestingar en einnig dró úr innflutningi neysluvara, einkum bíla. Vísendingar frá öðrum ársfjórðungi gefa til kynna að vöxtur hafi færst í einkaneysluna á ný og má tengja það við sterkt gengi krónunnar og fasteignamarkað sem virðist hafa tekið við sér, en hann hafði kólnað nokkuð í vetur. Þessi kippur sem virðist hafa komið í þensluna er þó líklegast aðeins tímabundin. Vaxandi útflutningur á seinni hluta ársins, vegna aukinnar álframleiðslu, hjálpar einnig til við að draga úr viðskiptahallanum.

### UM VÍÐA VERÖLD

#### Árás á aukakílóin

**Economist** | Innrás bresku verslanakeðjunnar Tesco inn á markað í Bandaríkjunum er byrjuð. Verslanakeðjan hefur nú þegar sett fótinn inn fyrir bandaríska þróskuldinn og reist eina verslun í útjaðri Phoenix-borgar í Arizona. Þetta er rétt svo forsmekkurinn að því sem koma skal en fyrir lok árs ætlar Tesco að flagga 21 verslun viðs vegar um landið undir merkjum keðjunnar vestanhafs, Fresh & Easy. Breska vikuritið Economist bætir því við að Tesco ætli að stækka gríðarlega vestra og bendir á að vöruhús Tesco austur af Los Angeles geti þjónustað 400 verslanir. Blaðið segir innrás verslanakeðjunnar, þessarar langstærstu matvöruverslunar í Bretlandi og þá þriðju stærstu í heimi, til Bandaríkjanna geta orðið breytingu til batnaðar. Ástæðan er sú að fyrirtækið ætlar ekki að leggja áherslu á matvöru í stórum kössum sem endist um aldur og ævi heldur ferskvöru, salöt og tilbúinn matvæli. Gangi áætlanir Tesco eftir verður innrásin af hinu góða, að mati Economist, enda má gera sér í hugarlund að einu fórnarlömbin í innrásinni verði aukakíló Bandaríkjamanna.

#### Sá ríkasti á Wall Street

**Guardian** | Hlutfjárútboð og skráning hluta af bréfum bandaríska fjárfestingafélagsins Blackstone Group á markað í Bandaríkjunum fyrir hálfum mánuði þóttist hafa tekist afar vel enda hækkaði gengi bréfa í þessu risafélagi um 20 prósent á fyrsta viðskiptadegi. Brosið var fljótt að þurrkast af andlitum nýrra hluthafa því gengið lækkað ört í síðustu viku og lá í bróðurpart vikunnar undir útboðsgengi. Um helmingur af nýju hlutfé Blackstone, jafnvirði rúmra 120 milljarða íslenskra króna, rennur í vasa stofnenda félagsins, þeirra Stephens Schwarzman og Peters G. Peterson, sem stofnuðu félagið eftir að þeir hættu störfum hjá bandaríska fjárfestingasjóðnum Lehman Brothers árið 1985 með 400 þúsund dali upp á vasa. Lítið skal sagt um hversu vel þeir hafa ávaxtað pund sitt. Auðæfi Schwarzmans, sem er sextugur að aldri, eru talin nema átta milljörðum dala, jafnvirði um 500 milljörðum íslenskra króna, og gerir það hann einn af ríkustu mönnum í Wall Street. Ekki liggur fyrir hvað Schwarzman ætlar að gera við auðinn sem frúin í Hamborg lét honum í té en breska blaðið Guardian segir Schwarzman dyggan stuðningsmann bandaríska Repúblikanaflokksins og séu miklar líkur á að hann færi einhverjar milljónir yfir á reikning flokksins til að styðja við bakíð á honum í næsta forsetaslag.

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Árnannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elinborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík ADALSLIMI: 512 5000 SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

## SAMNINGATÆKNI

## Virkaðu neikvæðni mótaðilans

Stundum mætir þú samningamönnum sem virðast óalandi og óferjandi! Þú hefur undirbúið þig vel fyrir viðræðurnar, hefur greint undirliggjandi hagsmuni, málefni og samningsatriði, stefnir að niðurstöðu sem uppfyllir hagsmuni beggja aðila og gerir ráð fyrir að geta sest niður með mótaðila þínum til að ræða bestu lausnina. Hann hefur hins vegar engan áhuga á að tengja saman samningsatriði og finna heildarlausn sem ýtir undir hag beggja aðila. Þvert á móti.

Eins og allt að þriðjungur samningamanna (Williams, 1983) upplifir hann samningaviðræður sem baráttu þar sem tekist er á um hvert samningsatriði fyrir sig – baráttu sem er þannig að því betri lausn sem þú færð, þeim mun verri verður lausnin fyrir hann. Fyrir honum snúast viðræðurnar um að tryggja sér eða sínu fyrirtæki sem stærsta sneið af kökunni og þar sem kakan er takmörkuð auðlind, þá verður sneið annars aðilans minni eftir því sem sneið hins stækkar.

„Það getur vel verið að þú hafir lesið einhverjar greinar um samningatækni og eitthvað „win-win“ dæmi, en ég hef verið í þessum bransa í 25 ár og það eru vissir hlutir sem ekki breytast!“ Nú eru góð ráð dýr!

## SPÁKAUPMAÐURINN

## Frábæri frændinn ég

*Kæri frændi*

Mig langar bara til að þakka þér fyrir hvað þú hefur verið hugulsamur við okkur að láta fjölskylduna fylgjast með tækifærum sem opnast á markaðnum. Við erum öll alsæl með færeyska bankann sem þú lést okkur kaupa. Við vorum svolítið hikandi að fara með yfirdráttinn svona hátt til að kaupa þessi bréf, en þú getur ímyndað þér hvað við erum ánægð þegar upp er staðið.

Við hjónin keyptum fyrir 800 þúsund hvort og innlestum því samtals hátt í milljón í hagnaði. Gummi fór og gekk frá kaupum á hjólhýsi fyrir helgi, en við höfðum verið að skoða Fréttablaðið í leit að notuðum tjaldvagni. Hann Nonni okkar keypti fyrir miklu meira en við og notaði kennitölu systur sinnar sem aldrei tímur neinu. Hann bíður nú eftir nýjum bíl úr kassanum. Ég vildi bara láta þig vita að við erum alsæl hér í fjölskyldunni og metum ráðleggingar þínar og hugulsemi mikils.

*Þín frænka Sigga*

P.s.: Ég var að velta fyrir mér með yfirdráttinn, Er skynsamlegt að taka lán í japönskum jenum og greiða hann upp?

Svona bréf ylja manni um hjarta-ræturnar. Ég finn til þess hversu ættrækinn og elskulegur ég er í alla staði. Ég hef alltaf verið þeirrar náttúru gæddur að geta glaðst með öðrum. Það er náðargáfa sem hefur gert mér kleift að spila með öllum þessum stóru. Ég þekki menn sem hafa verið svo helteknir af afbrýðisemi að þeir hafa ekki getað grætt sjálfir vegna óttans við að aðrir græði meira.

Kæru landsmenn kíkið út um gluggann. Skín ekki sólin jafnt á alla? Ég hef flatmagað í sól og sumaryl þessa dagana. Þegar svona viðrar skortir mann ekki neitt. Vatn verður mesta auðlindin og fuglasöngurinn fegursta tónlistin. Stundum er nefnilega gæðum algjörlega skipt eftir því hverjir kunna að njóta þeirra. Þá gilda engin önnur lögmál.

Spákaupmaðurinn á horninu

**HANNAÐU NOKKUR PAKKATILBOÐ** Ein áhrifaríkasta leiðin (Bazerman & Neale, 1992) til þess að virkja neikvæðan mótaðila í að finna hagkvæma heildarlausn er að setja fram tvö, helst fleiri, pakkatilboð.

Öll tilboðin þurfa að uppfylla þrjú skilyrði: a) Þau þurfa að fela í sér mismunandi lendingar á hverju samningsatriði fyrir sig, b) þau þurfa að vera jafnmikils virði fyrir þig þannig að það skipti ekki máli hvert tilboðanna verður fyrir valinu og c) þau þurfa öll að vera mjög ásættan-

leg fyrir þig til þess að þú hafir samningssvigrúm innan hvers þeirra.

Í samningaviðræðunum leggur þú öll pakkatilboðin fram á sama tíma sem mögulegar heildarlausnir. Áhrifin láta ekki á sér standa; neikvæður mótaðili verður fljótur að benda á þá pakkalausn sem honum lýst verst á. En á sama tíma og hann gagnrýnir tilboðin, þá sendir hann skilaboð um hvaða lausnir eru ásættanlegri og tekur þannig þátt í að veða hvert samningsatriði á móti öðru í leit að lausn sem er í jafnvægi, þó að hann geri það með neikvæðum formerkjum.

## ÁVINNINGUR PAKKATILBOÐA

Athuganir Metvic, Clausen-Schultz og Galinsky sýna að þeir sem setja fram pakkatilboð ná ekki aðeins betri árangri en aðrir við samningaborðið, heldur njóta þeir einnig meiri velvildar mótaðila sinna.

Pakkatilboð draga samningamenn frá þeirri tilhneigingu að slást um og gefa eftir á hverju samningsatriði fyrir sig og ýta undir tengingar á milli samningsatriða. Þeir sem setja fram pakkatilboð eiga auðveldara með að stjórna viðræðum, njóta þess að hafa vegið mikilvægi hvers samningsatriðis á móti öðrum, geta sett fram harðari kröfur

án þess að líta út fyrir að vera ósanngjarnir, fá betri upplýsingar en annars um hagsmuni mótaðilans, eru almennt skýrari í upplýsingagjöf um eigin hagsmuni og njóta velvildar fyrir að setja fram valmöguleika í stað einfaldrar kröfugerðar.

Aðalsteinn Leifsson  
lektor við  
Háskólann í Reykjavík  
og kennari í samningatækni.



# ICEBANK

## TRAUST

Samstarf okkar við viðskiptavini snýst um að ná árangri. Í þeirri vinnu sýnum við frumkvæði, áráði, snerpu og traust. Við erum Icebank.

Icebank er viðskiptabanki sem leggur áherslu á heildsölu- og fjárfestingarbankastarfsemi fyrir innlend sem erlend fjármálafyrirtæki, fagfjárfesta og aðra stærri aðila.

  
www.icebank.is

# Pundið í methæðum

Tvö bresk pund fást nú fyrir hvern Bandaríkjadal. Tuttugu og sex ár eru síðanundið hafði viðlíka stöðu gagnvart dal.

Breskaundið hefur styrkst gríðarlega gagnvart Bandaríkjadal undanfarin misseri og nú er svo komið að fyrir eitt breskt pund fást rúmlega 2,02 Bandaríkjadalir. Pundið hefur ekki staðið styrkara gagnvart Bandaríkjadal í 26 ár.

Englandsbanki hefur undanfarin misseri hækkað stýrivexti jafnt og þétt og standa vextirnir nú í 5,5 prósentum. Sérfræðingar spá að stýrivextir verði hækkaðir um fjórðung úr prósentu næstkomandi fimmtudag, og er jafnvel búist við frekari hækkingum á næstu misserum.

Lækkanir á húsnæðisverði, auk varkarni fjárfesta hefur valdið því að Bandaríkjadalur hefur veikt gagnvart helstu gjaldmiðlum. Evran hefur aldrei staðið betur gagnvart Bandaríkjadal, 1,36 dalir fást nú fyrir hverja evru.



**STERLINGSPUND** Bretar sækja nú í auknum mæli til Bandaríkjanna, enda Bandaríkjadalur í kjallaranum meðan sterlingspundið hefur sjaldan staðið styrkari fótum.

Þrátt fyrir styrka stöðu pundsins hefur eftirspurn eftir breskum varningi ekki dregist saman og útflutningur raunar aukist. Breskir ferðamenn sækja nú til

Bandaríkjanna í áður óþekktum mæli enda afar hagstætt að versla vestanhafs nú um stundir.

-jsk

## Útblástur verður innblástur

Við erum bakhjarlar Kolviðar og byrjum auðvitað á okkur sjálfum. Fyrst íslenskra fyrirtækja kolefnisjöfnum við flugferðir vegna starfsemi okkar og einkabíla starfsfólks. Með því vonumst við líka til að veita öðrum innblástur og hvetjum landsmenn til að kvitta fyrir sitt kolefni. Þannig græðum við öll!


**KAUPÞING**

Hugsum lengra



Kolviður er sjóður sem stofnaður er af Skógræktarfélagi Íslands og Landvernd. Markmið Kolviðar er að bjóða einstaklingum og fyrirtækjum að kolefnisjafna útblástursáhrif samgöngutækja sinna með skógrækt. Bakhjarlar Kolviðar eru ríkisstjórn Íslands, Orkuveita Reykjavíkur og Kaupþing. Vefsíða Kolviðar er www.kolvidur.is.

**KOLVIÐUR**



**TUTTUGU MILLJÓNIR FYRIR BIFRÖST** Þórólfur Gíslason, formaður stjórnar Samvinnu-trygginga, og Ágúst Einarsson, rektor Háskólans á Bifröst.

## Samvinnuþryggingar veita Bifröst styrk

Í síðustu viku veitti Ágúst Einarsson, rektor Háskólans á Bifröst, viðtöku styrk til skólans að upphæð 20 milljónir króna. Styrkurinn kemur frá Eignarhaldsfélagi Samvinnuþrygginga. Þórólfur Gíslason, kaupfélagsstjóri Kaupfélags Skagfirðinga og formaður stjórnar eignarhaldsfélagsins, afhenti styrkinn og flutti kveðju stjórnar. Sagði hann meðal markmiða stjórnar-

innar að styrkja og efla menningar- og félagslega starfsemi í landinu.

Dr. Ágúst Einarsson flutti þakki fyrir hönd Háskólans á Bifröst. Andrés Magnússon, varaformaður stjórnar Háskólans á Bifröst, flutti þakki stjórnar og kvaðst líta á styrkveitinguna sem viðurkenningu fyrir það góða starf sem nú er unnið í Háskólanum á Bifröst.

- hhs

## Nýliðinn fær milljarða

Forráðamenn Portland Trailblazers vona að Greg Oden fylgi í fótspor Clyde „The Glide“ Drexler.

Greg Oden, sem valinn var fyrstur í nýliðavali NBA-deildarinnar í körfuknattleik á dögunum, skrifaði á sunnudag undir samning við Portland Trailblazers.

Oden gerði tveggja ára samning sem hann getur síðan framlengt um tvö ár hugnist honum svo. Nýliðinn fær í sinn hlut rúmar 228 milljónir íslenskra króna fyrir fyrsta árið og fer upphæðin stighækkandi. Ákveði Oden að framlengja samninginn fær hann í sinn hlut tæpar 270 milljónir fyrir fjórða ár sitt hjá félaginu.

Nýliðavalið í ár þótti það sterkaasta í manna minnum og Oden feittasti bitinn. Oden fær ekki einungis hundruð milljóna

frá sínu nýja félagi á ári hverju heldur á hann von á milljörðum króna í styrktarsamningum frá hinum ýmsu stórfyrirtækjum.

Lið Portland hefur verið með þeim allra slökustu í NBA-deildinni undanfarin ár. Forráðamenn félagsins vona að Oden beri liðsfélaga sína á herðum sér og leiði félagið til afreka á komandi árum.

Aðdáendur bíða komu Oden í ofvæni en þeir hafa ekki átt sér átrúnaðargoð síðan Clyde „The Glide“ Drexler var upp á sitt besta í upphafi tíunda áratugs síðustu aldar. Markaðsstjórnar NBA-deildarinnar eru ekki síður spenntir og telja að Oden margfaldi treyju-sölu hjá Portland-liðinu. -jsk

**GOÐSÖGNIN CLYDE „THE GLIDE“ DREXLER** Nýliðanum Greg Oden er ætlað að feta í fótspor Clyde Drexler og leiða Portland til afreka. Oden fær fúlgur fjár í sinn hlut auk þess sem búist er við margfaltri treyju-sölu í Portland.



## Allofmp3 lokað

Rússnesk yfirvöld hafa lokað rússnesku tónlistarveitunni allofmp3.com, en þar hefur fram til þessa verið hægt að kaupa tónlist til niðurhals á niðurstettu verði. Forsvarsmenn veitunnar, rússneska fyrirtækið MediaServices, hafa flaggað því að þetta hafi verið annar stærsti tónlistarsöluvefur á netinu á eftir iTunes, vefverslun Apple, en umfang fyrirtækisins hefur ekki verið staðfest.

Stjórnvöld í Bandaríkjunum hafa í marga mánuði hnýtt í Rússa út veitunnar á þeim forsendum að forsvarsmenn hennar greiði réttihöfum tónlistar ekki það sem þeim ber.

MediaServices hafa ávallt



**VIÐ NIÐURHAL** Rússnesku tónlistarveitunni Allofmp3.com hefur verið lokað en forsvarsmönnum hennar hefur verið legið á hálsi fyrir að greiða ekki tónlistarmönnum réttihafagjöld.

MARKAÐURINN/VALLI

vísað þessum staðhæfingum á bug enda hafi fyrirtækið verið rekið samkvæmt rússneskum lögum. Ætli það að segja nýja veitu á laggirnar, mp3Sparks.com.

-jab



**SEÐLABANKI ÍSLANDS** | Seðlabankanum er unnið að margvíslegum rannsóknum og verkefnum sem bæði fræðimönnum og almenningi kann að þykja fróðlegt að glugga í. Efnið hefur nú verið gert aðgengilegra á vef bankans.

## Nýjar upplýsingar hjá Seðlabankanum

Á vef sínum hefur Seðlabanki Íslands nú gert aðgengilegar margvíslegar upplýsingar, meðal annar um nýtt þjóðhagslíkan.

Seðlabanki Íslands hefur gert aðgengilegar á nýju svæði á vef sínum, [www.seðlabanki.is](http://www.seðlabanki.is), upplýsingar um þær rannsóknir sem átt hafa sér stað í tengslum við starfsemi bankans. Þar er að auki gerð sérstök grein fyrir nýju þjóðhagslíkani sem bankinn notar, auk þess sem birt er yfirlit yfir greinar, ráðstefnur og málstofur sem bankinn á þátt að. „Leitast er við að gera efni fyrirlestra og greina sem aðgengilegast,“ segir Seðlabankinn. Sérstök áhersla er lögð á kynningu á þjóðhagslíkani bankans, en undanfarin ár hefur nýtt ársfjórðungslegt þjóðhagslíkan (QMM) verið í þróun innan bankans. „Líkanið var tekið í notkun árið 2006 og er megintæki bankans við spágerð og almenna greiningu á efnahagshorfum og við hagstjórnartilraunir,“ segir Seðlabankinn.

Meðal viðfangsefna Seðlabankans í ár kemur fram að sé áframhaldandi vinna við nýtt þjóðhagslíkan og undirbúningur að þróun nýs heildarjafnvægislíkans, rannsókn á áhrifum kerfisbreytinga á innlendum húsnæðismarkaði, þróun vísbendingarlíkans fyrir innlenda hagsveiflu, rannsókn á framboðshlið lítilla ný-keynesískra heildarjafnvægislíkana og þróun nýrra gengisvoga fyrir íslensku krónuna. „Að lokum má nefna ýmiss langtímaverkefni sem hafa verið í gangi um tíma, oft í samstarfi við innlenda og erlenda fræðimenn. Má þar nefna þróun á aðferðum við mat á framleiðsluspennu, rannsókn á innlendum raunvöxtum og rannsókn á breytingum á sambandi verðbólgu og gengis krónunnar og þróun álagsprófa fyrir fjármálakerfið,“ segir á vef Seðlabankans.

- óká

## Vilja aldurinn úr sjötugu í 67 ár

SVP fagna breytingum stjórnvalda þar sem tekið hefur verið fyrir skerðingu á atvinnutekjum vegna aldurs.

Samtök verslunar og þjónustu fagna því að atvinnutekjur skerði ekki lengur bætur þeirra sem eru 70 ára og eldri. Í fréttabréfi sínu hvetja samtökin jafnframt ríkisstjórnina til að lækka aldurinn niður í 67 ár hið fyrsta.

„Í landinu er sífellt stærri hópur eldri borgara sem vill og getur unnið margvísleg störf í mismunandi starfshlutfalli, en fæst ekki út á vinnumarkaðinn vegna þess að með launuðu starfi skerðast aldurstengdar greiðslur hans. Á sama tíma eykst heilbrigði hópans, lífaldur lengist og sífellt fleiri eru tilbúnir að stunda einhverja launavinnu. Þessi staða er uppi, ekki vegna þess að hinar aldurstengdu bætur séu svo háar að með launavinnu en án bótanna geti viðkomandi ekki framfleytt sér, heldur vegna þess að fólki finnst óréttlátt að þær skerðist, - bætur sem það hefur á langri starfsævi áunnið sér rétt til að fá við til-

tekinn aldur,“ segir í fréttabréfi SVP. „Þetta snýst því um grundvallarafstöðu. Til viðbótar verður svo að nefna þann félagslega ávinning sem hefst af aukinni atvinnuþátttöku eldri borgara sem annars skortir ef til vill lífsfyllingu og tilgang.“

SVP fagna áfanganum en benda á að samkvæmt niðurstöðum rannsóknar Rannsóknarseturs verslunarinnar á atvinnuþátttöku eldri borgara og öryrkja gætu um 29 prósent fólks á aldrinum 65 til 71 árs hugsað sér að vinna launavinnu ef tekjurnar skertu ekki lífeyri eða aðrar bætur þeirra. „Þessi hópur er tæplega 4.000 manns. SVP hvetja ríkisstjórnina til að ganga enn lengra en nú hefur verið gert með því að aldurstengdar bætur fólks sem náð hefur 67 ára aldri skerðist ekki þótt viðkomandi séu í launuðu starfi. Sömuleiðis bætur öryrkja sem hefja launaða atvinnu.“

- óká



## Enn stækkar fjármálageirinn með skráningu Vostok Nafta Investment

Við bjóðum Vostok Nafta Investment velkomið til liðs við Nordic Exchange. Vostok Nafta Investment Ltd. er fjárfestingafélag sem byggir á reynslu, sérþekkingu og viðskiptasamböndum til að meta fjárfestingar í eignum með mikla vaxtamöguleika. Áhersla er lögð á Rússland og nágrennaríki. Vostok Nafta Investment verður skráð í Nordic Exchange í Stokkhólmi þann 4. júlí. Vostok Nafta Investment flokkast sem meðalstórt félag og tilheyrir fjármálageira.



Neyslúvörur



Orkuvinnsla



Iðnaður



Nauðsýnjavörur



Heilbrigðisgeiri



Fjarskipti



Hráefni



Veitur



Upplýsingatækni

[omxgroup.com/nordicexchange](http://omxgroup.com/nordicexchange)





**MANFRED MAIER OG STAN ROSE** Svissneski lyfjarisinn Roche ætlar að kaupa bandaríska líftæknifyrirtækið NimbleGen Systems, sem meðal annars er með rannsóknastofur í Grafarholtinu. Kaupverð nemur tæpum sautján milljörðum króna. Þeir Maier og Rose eru hæstánægðir með viðskiptin, sem reiknað er með að gangi í gegn síðar á árinu. MARKAÐURINN/RÓSA

# NimbleGen vex innan Roche

Svissneski lyfjarisinn Roche ætlar að kaupa líftæknifyrirtækið NimbleGen, sem er með rannsóknastofu í Grafarholtinu. Kaupverð nemur tæpum sautján milljörðum króna. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* settist niður með þeim **Stan Rose**, forstjóra NimbleGen, og **Manfred Maier**, yfirmanni hjá Roche.

Skrifað hefur verið undir samning að svissneska lyfjafyrirtækið Roche kaupi allt hlutfé bandaríska líftæknifyrirtækisins NimbleGen Systems. Kaupverð nemur 272,5 milljónum Bandaríkjadala, jafnvirði 16,9 milljörðum íslenskra króna. Skrifað verður undir kaupsamning að undan-gengnu samþykki fjármála- og

samkeppnisyfirvalda í Bandaríkjunum, sem stefnt er að því að gangi í gegn á þriðja eða fjórða ársfjórðungi.

NimbleGen Systems var stofnað í Madison í Wisconsin-ríki í Bandaríkjunum árið 1999 og er þar með höfuðstöðvar sínar. Starfsmenn eru 140 talsins hér, í Bandaríkjunum, Þýskalandi og

á söluskrifstofum í öðrum löndum. NimbleGen hefur starfrækt rannsóknastofur hér á landi síðastliðin fimm ár en 40 manns vinna hjá fyrirtækinu. Til samanburðar er Roche, sem er með höfuðstöðvar í Basel í Sviss, gríðarstórt með um 70.000 starfsmenn víða um heim.

Engar breytingar eru fyrir-

hugaðar að rekstrinum að öðru leyti en því að starfsemin verður samþætt og dreifikerfi samnýtt. Miklu frekar er horft til þess að vegur NimbleGen vaxi innan Roche, sem er stórfyrirtæki á heimsvísu og leiðandi á sínu sviði um áráraðir.

Þeir Stan Rose, forstjóri forstjóri og stofnandi NimbleGen, og Manfred Maier, yfirmaður Roche Applied Science hjá Roche, eru hæstánægðir með viðskiptin.

Maier segir kaup á NimbleGen góðan kost og samlegðuáhrif mikil. Framleiðsla Roche og NimbleGen skarist ekki heldur bæti fyrirtækin hvort annað upp. Þannig verði áfram sjónum áfram beint að þróun DNA-örflögutækni til genarannsókna undir merkjum NimbleGen. Tæki fyrirtækisins hafi skapað sér nafn og sé notað víða, meðal annars er notað hjá Íslenskri erfðagreiningu. Fyrirtækið hefur sömuleiðis unnið að því í samstarfi við aðra að greina hvort hægt verði að fá betri mynd af því sem gerist þegar heilbrigðar frumur þróast í krabbameinsfrumur.

Fyrirtækið muni halda öllum einkenum sínum sem NimbleGen þrátt fyrir að það verði eftir viðskiptin í eigu Roche. Ekki hafi hinsvegar ákveðið hvort breyting verði gerð á nafni fyrirtækisins. „Þetta verður góð viðbót við vöruflokka Roche,“ segir hann.

Stan Rose bætir því við að með kaupnum opnast NimbleGen dyr að stærri markaði og betri dreifingarleiðum. „Margir læknar víða um heim nota bæði vörur frá Roche og okkur. Þegar við setjum dreifikerfin saman skapast góð samlegðuáhrif,“ segir hann.

Maier bendir á að aðstæður séu mjög góðar hér á landi til að starfrækja líftæknifyrirtæki og því standi engan veginn til að leggja fyrirtækið niður á Íslandi. „Við sjáum mikla samkeppni í

þessum geira hér. Að sama skapi er starfsfólkið mjög hæft og því er það fremur markmið okkar að stækka frekar hérna,“ segir hann.


Maier segir líftæknigeirann hafi þróast mikið og hafi sameinað fyrirtæki upp á mikið að bjóða. Viðskiptavinir þeirra eru af öllum toga, læknar og fyrirtæki, sem svo Íslenska erfðagreiningu, sem Roche hefur átt gott samstarf við frá fyrstu árum fyrirtækisins.

## MIKILL VÖXTUR LÍFTÆKNIGEIRANS

Hann segir líftæknigeirann hafa vaxið mikið undanfarn ár. Roche hafi vaxið samhliða öðrum fyrirtækjum í líftækni, bæði með því að þróun á eigin vörum og með þjónustu við önnur líftæknifyrirtæki. Hluti vaxtar líftæknigeirans eru fyrirtækjakaup og samrunar. Roche er þar engin undantekning en fyrirtækið hefur staðið í talsverðum fyrirtækjakaupum, þar af fjórum í maímánuði einum saman auk þess sem nýverið hafi verið lýst yfir áhuga á því að kaupa eitt fyrirtæki til viðbótar á næstunni. Og þá eru kaupin á NimbleGen ótalin. „Við gerum ráð fyrir miklum samlegðuáhrifum á fyrirtækjakaupum, á bilinu tíu til tuttugu prósent,“ segir Maier.

Rose bendir á að vaxtarbrodda megi víða finna, jafnvel víðar en á rannsóknastofum þar sem genamengi mannsins er allajafna til skoðunar. Hann minnst þess að eitt sinn hafi sýni borist inn á borð fyrirtækisins frá Sádi-Arabíu. Þar hafi verið á ferðinni lífsýni úr úlfalda og var eftir því leitað hvernig hægt væri að kynbæta úlfaldana. „Greining á úlföldum skiptir miklu máli í Sádi-Arabíu enda eru þeir vinsælir til veðreiða. Þar er vöxtur,“ segir hann.

## Critical Success Factors in Entrepreneurship – What's hot and what's not.



## Kenneth P. Morse

**Innovit**, nýsköpunar- og frumkvöðlasetur, býður Kenneth P. Morse, framkvæmdastjóra MIT Entrepreneurship Center til landsins dagana 9.–10. október nk.

Kenneth mun meðal annars ræða við íslenska fjárfesta, veita ráðgjöf varðandi uppbyggingu stuðningsumhverfis sprotafyrirtækja og flytja opinn fyrirlestur með yfirskriftinni: **Critical Success Factors in Entrepreneurship – What's hot and what's not.**

Dagskrá verður auglýst síðar en nánari upplýsingar veitir Andri Heiðar Kristinsson, framkvæmdastjóri Innovit, [andri@innovit.is](mailto:andri@innovit.is)

„Ken Morse is a serial entrepreneur, having played a key role in launching several high-tech start-ups, including 3Com Corporation, Aspen Technology, an expert systems company, and a biotech firm. Ken's batting average is 0.833: five of his start-ups went public or were successfully merged; one was a complete disaster. As head of the MIT Entrepreneurship Center, Ken is responsible for inspiring, training, and coaching new generations of entrepreneurs from all parts of MIT. Ken has been profiled and quoted in numerous publications, including the *Wall Street Journal*, *Financial Times*, *Economist*, and *Red Herring*.“

Sjá nánar á <http://entrepreneurship.mit.edu>

**innovit**

Tæknigarði • Dunhaga 5 • 107 Reykjavík  
Sími: 552-5151 • Fax: 552-8801  
[innovit@innovit.is](mailto:innovit@innovit.is) • [www.innovit.is](http://www.innovit.is)

Developed with



Shell



# V-Power

## Þróað með Ferrari

Upplifðu ánægjuna sem fylgir eldsneyti sem þróað er í samstarfi við Ferrari.



Vermark Shell er notað af Skeljungum með leyfi Shell Brand International AG.

**Made to move**





## BANKHÓLFID

### Sex milljarðar

Róbert Wessman, forstjóri Actavis, ber ekki skarðan hlut frá borði við sölu á hlut sínum í Actavis til Novators. Verðmæti hlutar Róberts var 12,3 milljarðar og við lauslegan útreikning á kaupum hans á bréfum í félaginu frá upphafi má áætla að hreinn hagnaður hans, að undanskildum fjármagnskostnaði, sé rétt rúmir sex milljarðar. Það er langstærsta innlaun forstjóra á hlutabréfum á Íslandi frá upphafi. Áður hafði Bjarni Ármannsson, fráfarandi forstjóri Glitnis, þótt nokkuð góður þegar hann seldi bréf sín í Glitni fyrir rétt rúma sex milljarða. Á meðan sú tala er hagnaður Róberts átti Bjarni eftir að borga bæði lán og fjármagnskostnað.

### Ónýtt gróðatækifæri

Vikuritið Vísbending hefur venjulega að geyma ýmislegt forvitnilegt og ígrundað. Í nýjasta heftinu fjallar bróðir ritstjórans, hagfræðingurinn Sigurður Jóhannesson um skýrslu um launamun karla og kvenna. Sigurður er eins og flestir kollegar hans trúður á að markaður geti leyst úr ýmsu óréttlæti sem hrjái samfélagið. Þannig eigi skilvirkur markaður að eyða ástæðulausum launamun karla og kvenna. Sigurður bendir þó á ekki megi gera lítið úr mætti vanþekkingarinnar. Þannig væri fróðlegt að kanna mun á því hvernig afkoma sambærilegra fyrirtækja reynist miðað við hlutfallsskiptingu kynja í starfsmannahópnum. Þá bendir Sigurður einnig á tækifæri sem felast í því að ráða konur til vinnu og hagnast þannig að jafngóðu vinnuafli fyrir minni pening.

### Auglýsingar drepa áhuga

Vísbending er laus við auglýsingar, en það sama verður ekki sagt um systurina Frjálsa Verslun. Margt hefur verið ljómandi vel gert í því blaði, en í aftari hluta blaðsins hafa auglýsingasalarnir tekið öll völd. Í ágætu blaði um konur í viðskiptalífinu er margt forvitnilegt að finna. Fyrri hluti blaðsins er skemmtilegur og til mikils sóma. Söluþennskan í seinni hlutanum er hins vegar orðinn svo blygðunarlaus þar sem efni og auglýsingar eru svo samtvinnaðar að tilfinningin verður að ekkert sjálfstætt mat fari fram. Ósjálfrátt er maður því búinn að leggja frá sér blaðið fljótlega eftir miðju, þar sem engin tilfinning er fyrir trúverðugleika í þeim hluta blaðsins.

**330** milljónir evra hljóðaði lánsamningur FL Group við Morgan Stanley upp á.

**5** félög í íslensku Kauphöllinni eru metin á 300 milljarða króna eða meira.

**12,5** milljarðar króna, eða 25 milljarðar jena, var „samúræjaútgáfa“ Kaupþings í Japan í síðustu viku.

## Ertu klár fyrir sumarfríið?

### Parftu að láta prenta:



nafnspjöld



bréfsfni




reikninga



umslög

**Hafðu samband við söluráðgjafa í síma 545 4400**

Gutenberg Sími 545 4400  
Suðurlandsbraut 24 Fax 545 4401  
108 Reykjavík www.gutenberg.is



## Fljúgum hærra !



SPRON Verðbréf  
Peningamarkaðssjóður SPRON  
**15,3% ávöxtun\***

75 ára | spron  
VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

\*Nafnvöxtun miðast við 31. ágúst 2006 til 31. maí 2007, uppreiknað á ársgrundvelli. Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, www.spronverdbref.is.